

BIRTA



BIRTA

LÍFEYRISSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2018

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns.....	3-5
Stjórn.....	6
Starfsfólk.....	8-9
Iðgjöld.....	10-11
Lífeyrir.....	12
Rekstur sjóðsins.....	13
Ávöxtun og skipting eignasafns.....	14-15
Sjóðfélagalán.....	16-17
Græn spor Birtu lífeyrissjóðs.....	18-19
Tryggingafræðileg staða.....	20-23
Áhættustýring.....	24-26
Þróun markaða og eignaflokka 2018.....	28-30
Fjárfestingarstefna.....	31-34
Regluvarsla.....	35
Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar.....	36
Stjórnháttayfirlýsing vegna ársins 2018.....	37-39
Stjórnskipan.....	40
Starfskjarastefna.....	41

Birta lífeyrissjóður

Ábyrgðarmaður: Ólafur Sigurðsson
Umsjón: Eva Jóhannesdóttir og Atli Rúnar Halldórsson
Hönnun og umbrot: Þorleifur Rúnar Örnólfsson
Ljósmyndir: Eitt stopp/Hreinn Magnússon
Stafræn prentun: Pixel

Á ljósmyndum eru nemendur og kennarar í iðn- og tækni- greinum í Tækniskólanum í Hafnarfirði og Reykjavík. Stjórn- endum og fyrirsætum eru færðar kærar þakkir fyrir góðar viðtökur og aðstoð.

Myndir úr skólunum þremur eru framan og aftan á kápu og á blaðsíðum 7, 11, 12, 13, 15, 21, 23, 26, 27, 35, 36, 39, 42/43, 101, 102/103.

Mynd framan á kápu:

Birta í blýstöfum í prentstofu upplýsinga- og fjölmiðlabrautar Tækniskólans.

Mynd aftan á kápu:

Guðrún Blöndal og Ívar Örn Valgeirsson, nemar í málaraíðni í Tækniskólanum. Guðrún sigraði í greininni á Íslandsmóti iðnnema í Laugardalshöll í mars 2019 og Ívar Örn varð í öðru sæti.

ÁRSREIKNINGUR 2018.....	43
Efnisyfirlit ársreiknings.....	44
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	45-47
Áritun óháðs endurskoðanda.....	48-49
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2018.....	50
Efnahagsreikningur 31. desember 2018.....	51
Sjóðstreymi árið 2018.....	52
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar.....	53
Skýringar.....	54-90
Kennitölur.....	91-94
Yfirlit um breytingu á hreinni eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris 2018.....	95
Efnahagsreikningur samtryggingardeildar 31. desember 2018.....	96
Sjóðstreymi samtryggingardeildar árið 2018.....	97
Yfirlit um breytingu á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris árið 2018.....	98
Efnahagsreikningur deilda 31. desember 2018.....	99
Sjóðstreymi deilda árið 2018.....	100

FINANCIAL STATEMENTS.....	103
Financial statements contents.....	104
Endorsement and statement by the board of directors and the managing director.....	105-107
Independent auditor's report.....	108-109
Statement of changes in net assets for pension payments 2018.....	110
Balance sheet as at 31 december 2018.....	111
Statement of cash flows 2018.....	112
Statement of actuarial position.....	113
Key indicators.....	114-117

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Ágætu sjóðfélagar.

Í leikhúsum er stundum haft við orð að á sýningu númer tvö megi merkja á sviðinu spennufall og þverrandi glímuskjálfta sem heyrði til frumsýningunni. Í okkar tilviki höldum við gæðum, spennu og meiru til á annarri sýningu. Á fyrsta heila starfsári Birtu Lífeyrissjóðs kom skýrt í ljós að sameining tveggja lífeyrissjóða skilaði því sem til var ætlast. Nú fáum við enn frekar staðfest á öðru heila starfsári árangur og áhrif sameiningar til góðs fyrir sjóðfélaga, lífeyriskerfið og samfélagið.

Við gátum hagrætt í starfsemi og aukið skilvirkni en jafnframt veitt enn betri þjónustu en áður. Þjónustuveri Birtu berast að jafnaði á annað hundrað erindi til úrlausnar á dag. Sjóðfélagar hringja eða koma og kapp er lagt á að afgreiða hlutina vel en hratt og örugglega.

Seint á árinu 2018 tók Birta í gagnið, fyrst lífeyrissjóða, rafrænt greiðslumat með sjálfsafgreiðslusniði vegna sjóðfélagalána, í samstarfi við Creditinfo. Umsögn eins sjóðfélaga á vefnum birta.is sagði allt sem segja þurfti um þá nýbreytni: „Við höfðum áður kynnst tímafreku og flóknu pappírsumstangi í fasteignaviðskiptum, eins og auðvitað allir aðrir. Nú gekk þetta fyrir sig á augabragði, mikil og góð breyting. Draumadæmi!“

Birta leggur mikið upp úr því að sinna sínu fólki vel og gerir það! Sjóðfélagar fá daglega tækifæri til að segja álit sitt eftir heimsóknir til sjóðsins og gefa starfsfólkinu undantekningarlítið ágætiseinkunn fyrir þjónustuna. Það kunnum við auðvitað vel að meta.

Rekstrarkostnaður Birtu lífeyrissjóðs lækkaði 2018 um nær 30 milljónir króna frá fyrra ári. Hlutfall kostnaðar af meðalstöðu eigna lækkaði úr 0,22% í 0,19%. Það skýrist annars vegar með því að stöðugildi eru nær tveimur færri en áður og hins vegar með því að velt var við öllum steinum í rekstrinum í leit að möguleikum til að hagræða og spara í samræmi við kröfur sem samfélagið gerir til lífeyrissjóðakerfisins og við gerum til okkar sjálfra.

Stjórn og starfsfólk hefur sett ákveðin viðmið um kostnaðarvitund í rekstri. Þannig viljum við gera alla sem eiga samskipti við okkur meðvitaða um kostnaðarvegni og ráðdeild án þess að rýra rekstrarhæfni sjóðsins. Hér er ekki talað um að spara sparnað-

arins vegna heldur skapa svigrúm til að forgangsraða í samræmi við brýnustu þarfir í starfsemi.

Ráðdeild er dyggð og skiptir miklu máli. Glöggir sjóðfélagar vita ef til vill að tryggingastærðfræðingur framreiknar rekstrarkostnað Birtu þar til lífeyrir er gerður upp við síðasta sjóðfélagann. Sparnaðurinn 2018 svarar þá til 690 milljóna króna í tryggingafræðilegum skilningi. Munar um minna! Sjóðurinn gæti staðið undir auknum skuldbindingum um lífeyri til framtíðar sem næmi þessum fjármunum.

Afkoma Birtu lífeyrissjóðs var viðunandi 2018. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 372 milljarðar króna í lok árs og jókst um liðlega 24 milljarða króna á árinu.

Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 5,04% og hrein raunávöxtun 1,74%, sem er rétt undir væntingum en innan vikmarka. Langt fram eftir ári stefndi í að ávöxtun eigna yrði verulega meiri en raun varð á en jólafastan setti þar strík í reikninginn. Aðstæður á erlendum mörkuðum voru okkur ekki hagfelldar á síðustu vikum ársins og á sama tíma styrktist íslensk króna.

Eignastýringin skilaði virðisauka í flestum flokkum þótt markaðirnir hefðu verið erfiðir í vel dreifðu eignasafni. Erlendar eignir jukust og eru komnar yfir 28% af heild. Stefnt er að því að auka þær enn frekar.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að í ársreikningnum birtist sundurliðaður listi yfir eignarhluti í félögum og sjóðum. Þar er hægt að glöggva sig á kostnaðarverði og skráðu verðmæti 2018. Sömuleiðis er birt raunávöxtun á ársgrundvelli hvernar eignar frá kaupdegi. Enginn lífeyrissjóður hefur fyrr birt slíkar upplýsingar að því er ég best veit. Áhugavert er að sjá meðal annars dæmi um félög sem komust í fréttir vegna erfiðleika í rekstri en hafa engu að síður skilað sjóðnum ágætri ávöxtun á eignarhaldstímanum.

Lífeyrissjóðir eru fjárfestar til langs tíma og því skiptir máli að horfa til lengri tímabila en eins tiltekins árs. Sé horft til tíu undanfarinna ára er ávöxtunin 3,3%, rétt undir mörkum sem tryggingafræðin setur sem viðmið.

Teknar hafa verið saman á vettvangi Birtu áhuga-verðar upplýsingar úr ársreikningum forvera sjóðsins. Lífeyrissjóðirnir sem að lokum runnu saman og urðu

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Birta eru alls 16 talsins. Meðalraunávöxtun þeirra til 30 ára er 4,1%.

Stjórn Birtu leggur áherslu á traustan langtíma-árangur af eignastýringu, góða áhættustýringu í fjárfestingum og samfélagslega ábyrgð. Dæmin sanna að árangur okkar í fyrstu skrefunum var fyllilega samburðarhæfur í lífeyrissjóðakerfinu.

Sífelld fleiri sjóðfélagar Birtu fá lán hjá sjóðnum til húsnæðiskaupa eða endurfjármögnunar eldri lána. Ný lán voru um 700 og námu alls tæplega 14 milljörðum króna á árinu 2018. Meira en helmingur lánanna var verðtryggður með breytilegum vöxtum. Vextir á sjóðfélagalánum Birtu eru með því lægsta sem gerist, hvort heldur verðtryggðir eða óverðtryggðir.

Við getum látið gott af okkur leiða án þess að veita afslátt af arðsemiskröfum. Birta og forverar hennar hafa vissulega fjárfest í iðngreinum og í stórum iðntæknifyrirtækjum, svo sem í Marel, sem bæði hefur gefið sjóðnum góða ávöxtun og stóreflt iðnað og tækni á Íslandi.

Ef við lítum okkur nær nefni ég húsnæðismál Tækniskólans, menntastofnunar baklands Birtu að hluta. Í ársskýrslu sjóðsins eru myndir af nemendum Tækniskólans í iðn- og tæknigreinum, teknar í Hafnarfirði, Skerjafirði, Vörðuskóla og aðalbyggingunni á Skólavörðuholti. Nokkrum dögum eftir að myndir voru teknar af nemum í grafískum greinum í Vörðuskóla var nemendum og kennurum gert að forða sér þaðan sem fyrst þegar greindist húsmýgla á hástigi.

Því nefni ég þetta að það myndi miklu breyta að koma allri starfsemi Tækniskólans undir eitt þak og Birta er það stöndugur lífeyrissjóður að hann þarf hvorki að taka viðbótaráhættu né veita afslátt af arðsemiskröfum til að fjármagna byggingu nýs skólahúss. Það væri verkefni í þágu verk- og tæknimenntunar og þar með samfélagsverkefni í besta skilningi.

Birta lífeyrissjóður samdi í haust við Skógræktina um að gróðursettar yrðu trjáplöntur í frátekinn skika sjóðsins til næstu áratuga í Haukadál. Þetta er ekki til marks um að sjóðurinn ætli út í skógrækt eða skógariðnað, heldur táknræn yfirlýsing til staðfestingar nýsamþykktri umhverfisstefnu Birtu.

Græn spor og fyrirheit um samfélagsábyrgð samþættast að hluta markmiðum um ráðdeild í rekstri. Birta ætlar að sýna græna ábyrgð í verki með því meðal

annars að sóa ekki orku á vinnustað, flokka úrgang og endurnýta eftir föngum, farga spilliefnum á viðeigandi hátt, draga úr pappírnotkun, nota umhverfismerktar vörur og halda grænt bókhald um reksturinn.

Í Haukadál verður plantað trjám til að kolefnisjafna starfsemina og samstarfinu við Skógræktina er ætlað að ala stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn upp í grænum þankagangi.

Tryggingafræðileg staða Birtu lífeyrissjóðs í lok árs 2018 var neikvæð um 3,86%, sem er svipað og í lok árs 2017. Niðurstaðan er vel innan ramma laga og að mati stjórnar ekki ástæða til að bregðast við henni með aðgerðum.

Tryggingastærðfræðingar breyttu mati á örorkubyrði lífeyrissjóða til framtíðar. Skuldbindingar Birtu lífeyrissjóðs vegna örorku minnka við þetta en skuldbindingar eftirlaunalífeyris aukast. Heildaráhrifin eru þau að tryggingafræðileg staða sjóðsins verður heldur lakari en ella.

Vísað er til frekari umfjöllunar í kafla ársskýrslunnar um tryggingafræðilega stöðu Birtu á bls. 20.

Það er af sem áður var þegar lífeyrissjóðir voru afskiptalausir fjárfestar í þeim félögum sem þeir áttu hluti í. Í eigendastefnu Birtu er kveðið á um að sjóðurinn sé virkur þátttakandi á innlendum verðbréfamarkaði og gæti sem slíkur hagsmuna sinna með því meðal annars að sækja hluthafafundi og birta á vef sínum upplýsingar um afskipti sín eða afstöðu.

Birta fylgir meðal annars eftir yfirlýstri stefnuyfirlýsingu um að tilnefningarnefndir stuðli að því að tryggja gagnsætt ferli við tilnefningar og framboð til stjórnarsetu í félögum og skipan slíkra nefnda.

Birta ætlast til þess að starfskjarastefna félags, sem sjóðurinn á hlut í, samræmist lögum og taki mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti. Gætt sé hagsmuna hluthafa, starfsfólks og annarra.

Lífeyrissjóðakerfið á við ímyndarvanda að stríða. Það er fullyrðing sem oft heyrst en óljósara er á stundum í hverju vandinn nákvæmlega er fólgin. Vera kann líka að rætur ímyndarvandans liggja annars staðar en í lífeyrissjóðakerfinu sjálfu. Þannig tel ég hafið langt yfir allan vafa að skerðing lífeyris almannatrygginga stórskaði ímynd lífeyrissjóðakerfisins.

Óánægjan kraumar og nú heyrst spurt aftur og



aftur: Hvers vegna borgum við yfirleitt í lífeyrissjóði þegar ríkið refsar okkur með því að hirða af okkur lífeyrinn frá Tryggingastofnun?

Margsannað er að þegar lífeyriskerfið var sett á laggir var því alltaf haldið á lofti að greiðslur úr lífeyrissjóðum yrðu til viðbótar lífeyri almannatrygginga. Dettur einhverjum í hug að lífeyrissjóðir hefðu fengið brautargengi með fögnuði og húrrahrópum ef fylgt hefði sögu að lífeyrir úr þeim kostaði þessa hrikalegu skerðingu í almannatryggingakerfinu sem þúsundir manna upplifa nú á eigin skinni og buddu?

Þessu verður að linna og sérstakt fagnaðarefni er að Landsamtök lífeyrissjóða taka nú undir með þeim sem krefjast breytinga. Heildarsamtök atvinnulífsins, bakland

lífeyrissjóða á almennum markaði, ættu að beita sér fast og ákveðið gagnvart stjórnvöldum til að skerðingarnar verði í það minnsta mildaðar verulega strax. Það á sérlega vel við núna því í maímánuði næstkomandi verður þess minnst að 50 ár eru liðin frá því skrifað var undir kjarasamning með ákvæði um skylduaðild að lífeyrissjóðum.

Ég vil í lokin færa stjórnendum og starfsfólki Birtu lífeyrissjóðs þakki fyrir góð störf og fagmennsku. Sérstaklega þakka ég þeim sem létu af störfum vegna aldurs eða skipulagsbreytinga. Stjórnarmönnum þakka ég samstarfið og sjóðfélögum fyrir samskiptin.

Jakob Tryggvason

STJÓRN




Frá vinstri: Guðrún Elfa, Davíð, Pálmar Óli, Guðrún, Gylfi, Ingibjörg, Hrönn og Jakob.

Fulltrúar launamanna

Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir
Gylfi Ingvarsson
Hrönn Jónsdóttir
Jakob Tryggvason formaður

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins

Davíð Hafsteinsson
Guðrún Jónsdóttir
Ingibjörg Ólafsdóttir varaformaður
Pálmar Óli Magnússon



Eiríkur Þór Bjarkason t.v. og Ingibjörn Þórarinn Jónsson, nemar í rafvirkjun í Tækniskólanum.

STARFSFÓLK



Standandi frá vinstri: Óskar, Erla Fanney, Hrefna, Svanheiður, Kristján Geir, Hanna Þórunn, Sigrún, Sigbrúður, Stefán, Guðrún, Ólafur, Sigrún Þóra, Loftur og Helga Dögg.

Sitjandi frá vinstri: Sigurbjörn, Soffía, Íris Anna, Jóhanna Helga, Elsa Dóra, Eyrún, Eva og Jóna Guðrún.

Á myndina vantar: Önnu Maríu, Guðrúnu Iðunni, Þóru E. og Þóru M.

Anna María Hannesdóttir

innheimtufulltrúi

Elsa Dóra Grétarsdóttir

verðbréfaskráning

Erla Fanney Þórisdóttir

þjónustufulltrúi

Eva Jóhannesdóttir

markaðsfulltrúi

Eyrún Einarsdóttir

áhættustjóri

Guðrún Högnadóttir

lífeyrismál

Guðrún Iðunn Jónsdóttir

bókhald

Hanna Þórunn Skúladóttir

forstöðumaður skrifstofu- og rekstrarsviðs

Helga Dögg Yngvadóttir

gæða- og skjalastjóri

Hrefna Sigurðardóttir

bókari

STARFSFÓLK

Íris Anna Skúladóttir

lánastjóri

Jóhanna Helga Guðjónsdóttir

móttökuritari

Jóna Guðrún Ólafsdóttir

bókari

Kristján Geir Pétursson

lögfræðingur

Loftur Ólafsson

eignastýring

Ólafur Sigurðsson

framkvæmdastjóri

Óskar Magnússon

þjónustufulltrúi

Sigrún Gröndal

iðgjaldaskráning

Sigrún Þóra Björnsdóttir

lífeyrismál

Sigurbjörn Einarsson

lánamál

Sigbrúður Jónasdóttir

forstöðumaður lífeyrissviðs

Soffía Gunnarsdóttir

forstöðumaður eignastýringarsviðs

Stefán Birgisson

eignastýring

Svanheiður Ingimundardóttir

innheimtufulltrúi

Þóra Erlingsdóttir

iðgjaldaskráning

Þóra Magnúsdóttir

þjónustufulltrúi

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ber að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð frá 16 ára til 70 ára aldurs. Aðild að Birtu lífeyrissjóði byggist samkvæmt samþykktum á ákvæðum kjarasamninga stéttarféлага, aðild fyrirtækja eða almennum forsendum. Aðilar að sjóðnum eru launamenn sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum og/eða byggja starfskjör sín á kjarasamningum stéttarféлага. Þeim er líka heimil aðild sem hvorki eru bundnir kjarasamningum tengdra stéttarféлага né njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum en óska eigi að síður eftir aðild að sjóðnum.

Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við 2. grein laga nr. 129/1997 eða hærra, kveði samningar á um slíkt. Sé um launamann að ræða greiðir hann 4% af iðgjaldastofni hið minnsta. Samkomulag ASÍ og SA kveður á um hækkun mótframlags launagreiðenda í áföngum á árunum 2016 til 2018 úr 8% í 11,5%. Þar er jafnframt kveðið á um að sjóðfélagar geti valið um hvort iðgjaldahækkunin fari í samtryggingardeild eða í séreignarsjóð sem tilgreind séreign.

Mótframlag sem launagreiðandi innir af hendi í lífeyrissjóð hækkaði úr 10% í 11,5% frá og með launum í júlí 2018 samkvæmt kjarasamningi ASÍ og nokkurra stéttarféлага við SA.

Í árslok 2018 áttu 96.412 manns réttindi í samtryggingardeild Birtu lífeyrissjóðs. Á árinu 2018 greiddu 18.806 iðgjald til samtryggingardeildar en voru 18.789 árið 2017. Virkir sjóðfélagar voru 16.284, það er að

segja þeir sem greiddu að jafnaði iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum. Alls greiddi 5.531 launagreiðandi iðgjöld og námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 16.339 milljónum króna. Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði nam 167 milljónum króna á árinu.

Í árslok 2018 áttu 34.329 manns réttindi í séreignardeild Birtu en 29.054 í árslok 2017. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild voru 2.331 talsins.

Á árinu 2018 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar, fyrir réttindaflutninga og endurgreiðslur, 839 milljónum króna. Það er 3,07% aukning frá fyrra ári.

Á árinu 2018 námu iðgjaldagreiðslur til tilgreindrar séreignardeildar, fyrir réttindaflutninga og endurgreiðslur, 340 milljónum króna.


Sjóðurinn sendir greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi tvisvar á ári. Sjóðfélagar bera ábyrgð á að bera saman iðgjaldagreiðslur á yfirliti við greidd iðgjöld samkvæmt launaseðlum. Komi misræmi í ljós þurfa þeir að skila launaseðlum til sjóðsins þar sem fram kemur afdregið iðgjald. Þetta þarf að gera innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits svo iðgjöld njóti ábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa ef til gjaldþrots kemur.

Með því að nýta sér sjóðfélagavefinn á birta.is geta sjóðfélagar fylgst sjálfir með stöðu sinni.


Launagreiðendur fá tvisvar á ári send yfirlit allra iðgjaldahreyfinga í bókum sjóðsins.

Á launagreiðendavef á birta.is geta launagreiðendur sent skilagreinar rafrænt, kannað stöðu og hreyfingar.

FJÖLDI VIRKRA SJÓÐFÉLAGA



FJÖLDI GREIÐANDI SJÓÐFÉLAGA



20 stærstu greiðendur til Birtu lífeyrissjóðs

Ríkissjóður Íslands
 Marel Iceland ehf.
 Samskip hf.
 Rarik ohf.
 Rio Tinto á Íslandi hf.
 Ístak hf.
 Kaupfélag Skagfirðinga
 Festi hf. (áður N1 hf.)
 Landsvirkjun
 Byggingarfélag Gylfa/Gunnars hf.
 Veitur ohf.
 VHE ehf.
 Norðurál Grundartangi ehf.
 Handafl ehf.
 Samkaup hf.
 Flugleiðahótel ehf.
 Isavia ohf.
 Securitas hf.
 Sýn hf.
 Brimborg ehf.

Skipting iðgjalda eftir atvinnugreinum

Sérhæfð byggingarstarfsemi	13%
Bygging húsnæðis og þróun bygginga	10%
Sala, viðgerðir og viðhald véla	6%
Heildverslun	6%
Framleiðsla á málmvörum	5%
Smásöluverslun	5%
Veitustarfsemi	4%
Opinber stjórnsýsla	4%
Framleiðsla annarra véla	3%
Matvælaframleiðsla	3%
Veitingasala og þjónusta	3%
Málmframleiðsla	3%
Starfsemi arkitekta og verkfræðinga	3%
Sjóflutningar	2%
Þjónusta á sviði upplýsingatækni	2%
Annað	28%
	<u>100%</u>

Jóhanna Alba Martel, Dagur Ómar Ásgeirsson og Kristófer Snær Þorgeirsson, nemar á upplýsinga- og fjölmiðlabraut Tækniskólans.



LÍFEYRIR

Meginhlutverk Birtu lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum, lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktar sjóðsins. Með aðild að Birtu lífeyrissjóði ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs eftirlaunalífeyris. Sjóðfélagar sem verða fyrir orkutapi, sem metið er 50% eða meira, njóta réttar til örorkulífeyris og eftir atvikum barnalífeyris í samræmi við ákvæði samþykktar. Við fráfall sjóðfélaga stofnast réttur til makalífeyris og barnalífeyris í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu 10.492 milljónum króna árið 2018, sem er 9,4% aukning frá fyrra ári. Lífeyrisþegum fjölgar áfram. Alls fengu 13.789 lífeyrisþegar greitt úr samtryggingardeild.

FJÖLDI LÍFEYRISÞEGA Í SAMTRYGGINGARDEILD Í ÁRSLOK

	2014	2015	2016	2017	2018
Eftirlaunalífeyrir	7.026	7.511	8.005	8.714	9.447
Örorkulífeyrir	1.871	2.066	2.138	2.356	2.456
Makalífeyrir	2.015	1.997	2.036	2.016	2.037
Barnalífeyrir	337	347	340	351	342

Lífeyrisgreiðslur fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Vísitalan hækkaði um 1,9% frá miðju ári 2017 til sama tíma á árinu 2018. Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum, var 64,3% en 65,5% árið áður.

Í árslok 2018 fengu 9.447 manns greiddan eftirlaunalífeyri, 2.456 fengu örorkulífeyri og 2.037 makalífeyri. Barnalífeyrir var greiddur vegna 342 barna.

Á árinu hófu 1.366 sjóðfélagar töku eftirlaunalífeyris. Nýir örorkulífeyrisþegar voru 347 og nýir makalífeyrisþegar 220.

Greiddar voru 557 milljónir króna úr séreignardeild. Þar af var rúmlega 216 milljónum króna ráðstafað inn á húsnæðislán rétthafa samanber lög nr. 40/2014 um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Þessi heimild til ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á lán gildir til 30. júní 2019. Kveðið er á um það í nýjum kjarasamningum að heimildin sé framlengd um tvö ár.

Greiddar voru 2,3 milljónir króna úr tilgreindri séreignardeild á árinu 2018.



Eyvindur Einar Guðnason, Ingibjörg Helga Rögnvaldsdóttir og Laufey Hjaltested, nemar á upplýsinga- og fjölmiðlabraut Tækniskólans.

REKSTUR SJÓÐSINS

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður Birtu lífeyrissjóðs nam alls 716 milljónum króna á árinu 2018 en árið 2017 nam hann 763 milljónum króna. Þar af var kostnaður vegna sameiningar forvera Birtu lífeyrissjóðs 17,6 milljónir króna. Rekstrarkostnaður sjóðsins lækkaði frá fyrra ári um 9,7% á föstu verðlagi.

Í skýringu 8 í ársreikningi er skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sjóðsins sundurliðaður.

Laun og launatengd gjöld voru alls 437,3 milljónir króna árið 2018 en 432,3 milljónir króna árið 2017 sem er 1,1% aukning.

Lögfræðikostnaður árið 2018 nam 3,1 milljón króna árið 2018 en 12,4 milljónum króna árið á undan.

Rekstur upplýsingakerfa dróst saman um 0,2% og annar rekstrarkostnaður jókst um 1,1% á milli ára.

Eftirlitsgjöld FME námu 23,1 milljón króna á árinu 2018 og hækkuðu um 3,2%. Kostnaður vegna umboðsmanns skuldara dróst saman um 69,4%. Lífeyrissjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum var gert að greiða kostnað við rekstur þessa embættis með lögum nr. 166/2011.

Rekstrarkostnaður, sem hlutfall af meðalstöðu eigna, lækkaði frá fyrra ári, var 0,19% árið 2018 en 0,22% árið 2017.




Ívar Orri Guðmundsson, sigurvegari í múraraíðn á Íslandsmóti iðngreina í Laugardalshöll í mars 2019. Í öðru og þriðja sæti urðu Nikola Alexander Pjevik og Aðalbjörn Jóhannsson, allir nemendur í Tækniskólanum.

ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS


Hrein eign samtryggingardeildar Birtu lífeyrissjóðs var 357.229 milljónir króna í árslok 2018 en 334.321 milljónir króna í árslok 2017 og hækkaði því frá ári til árs um 22.908 milljónir króna eða 6,9%. Iðgjaldagreiðslur til deildarinnar 2018 námu 16.506 milljónum króna.

NAFN- OG RAUNÁVÖXTUN SAMTRYGGINGARDEILDAR BIRTU 2018



Á móti var greiddur lífeyrir að fjárhæð 10.607 milljónir króna. Nettóinnflæði til sjóðsins nam því 5.899 milljónum króna á árinu. Þá námu hreinar fjárfestingartekjur 17.681 milljón króna. Nafnávöxtun samtryggingardeildar Birtu var 5,04% á árinu sem samsvarar 1,74% raunávöxtun. Myndin hér fyrir ofan sýnir nafn- og

SAMANBURÐUR Á SKIPTINGU VERÐBRÉFA OG INNLÁNA Í SAMTRYGGINGARDEILD BIRTU



raunávöxtun helstu eignaflokka verðbréfa fyrir samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2018.

Myndin neðst á síðunni sýnir hlutfallslega skiptingu á safni verðbréfa og innlána hjá samtryggingardeild Birtu, annars vegar í árslok 2018 og hins vegar í árslok 2017.

Myndin til vinstri á bls. 15 sýnir skiptingu mismunandi flokka verðbréfa ásamt innlánnum í samtryggingardeild Birtu í árslok 2018.

Skuldabréfaeign Birtu var 58,4% af eignasafni sjóðsins. Nafnávöxtun þeirrar eignar var 7,2% á tímabilinu sem samsvarar 3,8% raunávöxtun. Skuldabréfaeignin skiptist í sex eignaflokka, þar af er flokkur skuldabréfa með ábyrgð ríkissjóðs langstærstur eða 40,8%. Sá eignaflokkur skilaði 7% nafnávöxtun á árinu 2018 sem samsvarar 3,6% raunávöxtun.

Myndin til hægri á bls. 15 sýnir hvernig skuldabréfaeign Birtu skiptist í mismunandi eignaflokka í árslok 2018 en verðtryggingarhlutfall viðkomandi bréfa var 89,7%.


Hlutdeild verðbréfaeignar og innlána í erlendri mynt af heildareignum sjóðsins nam 28,7% í árslok 2018. Þar af voru erlend verðbréf um 21,9% en sá eignaflokkur var með slaka ávöxtun á síðasta ári. Nafnávöxtun hans í íslenskum krónum nam 1,4% sem samsvarar neikvæðri raunávöxtun upp á 1,8%. Gengi íslenskrar krónu veiktist gagnvart helstu gjaldmiðlum á árinu 2018. Veikingin nam 11,2% gagnvart USD og 6,5% gagnvart EUR. Af því leiðir að ávöxtun eignaflokksins var ennþá slakari í grunnmynt eða neikvæð um 12,1%.

ÁVÖXTUN OG SKIPTING EIGNASAFNS


Eignaflokkurinn óhefðbundnar fjárfestingar samanstendur af framtaksfjárfestingum, að mestu leyti í hlutabréfum, ásamt fasteigna- og veðskuldabréfasjóðum. Þessi eignaflokkur skilaði 12,4% nafnávöxtun sem samsvarar 8,9% raunávöxtun. Um tveir þriðju hlutar hans eru í erlendri mynt eða 67,3% og skiluðu nafnávöxtun upp á 16,8%, sem samsvarar raunávöxtun upp á 13,1%. Ávöxtunin í viðkomandi grunnmynt var

hins vegar 7,1%. Innlendur hluti eignaflokksins skilaði nafnávöxtun upp á 4,5%, sem samsvarar 1,3% raunávöxtun. Þá skilaði innlend hlutabréfaeign sjóðsins 0,6% nafnávöxtun, sem samsvarar -2,5% raunávöxtun en um 87,6% af þeim eignaflokki eru skráð bréf og var nafnávöxtun þeirra -0,9% á móti 13,4% ávöxtun í óskráða hlutanum.

HLUTFALL VERÐBRÉFA OG INNLÁNA Í ÁRSLOK 2018



HELSTU EIGNAFLOKKAR INNLENDRA SKULDABRÉFA



Kristófer Daði Kárason, sigurvegari í pípuلاغningum á Íslandsmóti iðngreina í Laugardalshöll í mars 2019. Tækniskólanemar röððu sér í fjögur efstu sætin í greinin á mótinu.

Lánsupphæð, lánstími og lánskjör

Birta lífeyrissjóður býður sjóðfélögum sínum verðtryggð og óverðtryggð lán á samkeppnishæfum kjörum. Veðhlutfall er allt að 65% af fasteignamati, verðmati eða kaupverði eignar. Fastir verðtryggðir vextir Birtu lífeyrissjóðs voru 3,6% í árslok 2018. Breytilegir verðtryggðir vextir voru 2,68% en breytilegir óverðtryggðir vextir 5,6%.

Breytilegir verðtryggðir vextir eru endurskoðaðir á þriggja mánaða fresti og fylgja þróun vaxta á íbúðabréfum (HFF150444). Breytilegir óverðtryggðir vextir fylgja þróun meginvaxta Seðlabanka Íslands og eru endurskoðaðir mánaðarlega.

Sjóðfélagar hafa val um að endurgreiða lán sín með jöfnum afborgunum eða jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Lánstími er 5-40 ár og lánsfjárhæð ákvarðast af veðrymi, þó að lágmarki 1.000.000 kr. og að hámarki 50.000.000 kr. á einstakling, hjón eða sambúðaraðila.

Lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda

Sjóðfélagalán falla undir lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Lögin leggja ríka skyldu um upplýsingamiðlun til neytenda á herðar lánveitanda. Lögin tóku gildi 1. apríl 2017 og leystu af hólmi eldri lög nr. 33/2013 hvað fasteignalán varðar.

Endurskoðun reglna um lánveitingar

Lánareglur Birtu tóku einu sinni breytingum á árinu 2018 og hafa nýjar lánareglur gilt frá febrúar 2018. Breytingarnar fólu í sér að skilyrða lánsrétt sjóðfélaga við að hafa greitt samfellt í tvö ár til sjóðsins á einhverjum tímamarki eða vera greiðandi í dag. Til þess sem greiðir nú er gerð krafa um að viðkomandi hafi greitt þrjú undanfarandi mánuði í samtryggingardeild eða sex undanfarandi mánuði í séreignardeild.

Hámarkslán til einstaklings, hjóna eða sambúðaraðila var ákveðið 50 milljónir króna sem liður í áhættustýringu sjóðsins.

Aðrar breytingar voru þær að áréttað var að ekki eru veitt lán vegna fasteigna sem reknar eru í atvinnuskyni. Þá var hámarksveðsetningarhlutfall sumarhúsalána lækkað úr 50% í 35% og sett 0,75% álag á vexti þeirra lána þar sem þau eru áhættusamari í eðli sínu en íbúðarlán.

Að lokum var bætt við vísun í lög um fasteignalán til

neytenda og áréttað að sjóðurinn framkvæmir greiðslumat á öllum umsækjendum lána en tekur ekki lengur við greiðslumötum unnum af öðrum fjármálastofnunum. Það tengist einnig einfölduðu og rafvæddu umsóknarferli sjóðsins.

Nýjungar í afgreiðslu lána

Miklar framfarir hafa átt sér stað í tengslum við afgreiðslu sjóðfélagalána. Stöðugildum hefur fækkað við deildina og hefur tæknin komið að góðum notum við afgreiðslu lána. Nú geta sjóðfélagar sótt um lán með rafrænum skilríkjum á birta.is. Í kjölfarið flytjast þeir beint í rafrænt greiðslumat sem sér um nánast alla gagnaöflun og tekur aðeins örfáar mínútur. Með því móti sjá umsækjendur strax greiðslugetu sína og geta valið lán í samræmi við hana. Aukinheldur sendir sjóðurinn greiðslumatið yfirfarið og öll kynningargögn um lánið, sem honum ber skylda til að birta sjóðfélaga, rafrænt til yfirferðar og undirritunar sjóðfélaga með rafrænum skilríkjum. Þannig sparast bæði tími umsækjenda, mikill pappír og tími starfsfólks sjóðsins. Hafa þessar breytingar reynst bæði sjóðfélögum og starfsfólki vel, flýtt fyrir afgreiðslu mála og dregið úr rekstrarkostnaði sjóðsins.

Nýjar lánveitingar til sjóðfélaga

Nýjum sjóðfélagalánum fjölgaði enn á árinu 2018. Ný lán voru 697 talsins en 487 árið áður, þrátt fyrir fækkun stöðugilda hjá sjóðnum. Þar af voru 389 verðtryggð lán með breytilegum vöxtum, 70 verðtryggð lán með föstum vöxtum og 238 óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum.

Heildarfjárhæð nýrra lána til sjóðfélaga á árinu 2018 var 13.783 milljónir króna en 7.702 milljónir króna 2017 og 3.566 milljónir króna 2016. Það hefur því orðið mikil aukning í þessum fjárfestingum hjá sjóðnum á undanförunum árum og skýrist það meðal annars af góðum vaxtakjörum. Meðalfjárhæð hvers láns var 19,8 milljónir króna en þegar leiðrétt var fyrir blönduðum lánum var upphæðin 22,1 milljón króna.

Staða, vanskil og uppgreiðsla sjóðfélagalána

Í árslok 2018 námu lán til sjóðfélaga alls um 33,1 milljarði króna eða um 8,9% af heildareignum sjóðsins. 479 lán voru greidd upp á árinu, sem er svipaður fjöldi

SJÓÐFÉLAGALÁN

og árið áður. Samtals námu uppgreiðslur tæplega 2,5 milljörðum króna, rúmlega helmingi hærrí fjárhæð en árið áður.

Vanskil sjóðfélagalána í árslok 2018 námu 56,2 milljónum króna, sem jafngilti 0,17% sjóðfélagalána. Vanskil sjóðfélagalána eru í sögulegu lágmarki.

Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar


1. júlí 2017 tóku gildi lög um stuðning til kaupa á fyrstu

íbúð. Þau heimila rétt höfum að verja uppsöfnuðu iðgjaldi séreignar til kaupa á fyrstu íbúð og jafnframt að ráðstafa séreignariðgjaldi inn á höfuðstól láns sem tryggt er með veði í fyrstu íbúð upp að ákveðnu hámarki yfir tíu ára samfellt tímabil. Þá er áfram í gildi heimild til ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á lán og til húsnæðissparnaðar samkvæmt eldra úrræði og gildir sú heimild til 30. júní 2019. Kveðið er á um það í nýjum kjarasamningum að heimildin sé framlengd um tvö ár.


TEGUND NÝRRA SJÓÐFÉLAGALÁNA, FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA

	Verðtryggð lán, fastir vextir	Verðtryggð lán, breytilegir vextir	Óverðtryggð lán
Fjárhæð	1.637	8.150	3.996
Fjöldi lána	70	389	238
Meðalfjárhæð	23,4	21,0	16,8

MEÐALFJÁRHÆÐ NÝRRA LÁNA 2018



NÝ SJÓÐFÉLAGALÁN 2018



AFGREIDD SJÓÐFÉLAGALÁN, FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA

	2017	2017*	2018	2018*
Fjárhæð	7.702	7.702	13.783	13.783
Fjöldi lána	487	449	697	624
Meðalfjárhæð	15,8	17,2	19,8	22,1

* 2017: Leiðrétt fyrir viðbótarlánum umfram 65%

* 2018: Leiðrétt fyrir blönduðum lánum

STAÐA SJÓÐFÉLAGALÁNA Í ÁRSLOK, FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA

	Verðtryggð lán, fastir vextir	Verðtryggð lán, breytilegir vextir	Óverðtryggð lán
Útistandandi lán	8.503	18.881	5.718
Fjöldi lána	602	2.409	375
Meðalfjárhæð	14,1	7,8	15,2

GRÆN SPOR BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS

Birta lífeyrissjóður hefur hag af sjálfbærri þróun samfélagsins og tekur umhverfismál alvarlega.

Tilgangur umhverfisstefnu Birtu lífeyrissjóðs er að efla þekkingu á umhverfisáhrifum starfseminnar og leitast við að draga úr þeim. Einnig að umhverfisvitund birtist í rekstri sjóðsins, stjórnun, ákvörðunum og daglegum störfum. Þá verði dregið úr kostnaði í rekstri sjóðsins.

Starfsfólk Birtu fær reglulega fræðslu sem gerir það meðvitaðra og hæfara í að draga úr umhverfisáhrifum í störfum sínum. Stefnan skal rýnd árlega af stjórnendum og starfsmönnum.

UMHVERFISMARKMIÐ

Auka vægi stafrænnar þjónustu

Lögð er rík áhersla á góða stafræna þjónustu án þess að dregið verði úr þjónustu að neinu leyti.

Fara sparlega með orku

Við rekstur, hönnun og viðhald húsnæðis er tekið mið af vistvænum áherslum. Leitast er við að mæla orkunotkun reglulega og lágmarka óþarfa notkun rafmagns og vatns.

Minnka sóun


Birta leggur áherslu á að flokka og auka hlutfall endurnýtanlegs úrgangs eins og unnt er og farga spilliefnum á viðeigandi hátt. Stefnt er að því að draga úr pappírnotkun og gætt að því að pappír í starfseminni sé framleiddur úr nytjaskógum.

Kolefnishlutlaus starfsemi

Sjóðurinn leitast við að minnka kolefnisfótspor vegna reksturs skrifstofu. Markvisst er unnið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að efla umhverfisvænar samgöngur starfsfólks og vinna jafnframt að kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi.

Vistvæn innkaup á vörum/þjónustu

Við innkaup skal leitast við að velja umhverfismerktar vörur og taka tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Draga skal úr notkun einnota aðfanga, svo sem borðbúnaðar og umbúða.



Grænt bókhald

Sjóðurinn mun halda grænt bókhald svo sem unnt er og gera grein fyrir tölulegum upplýsingum um umhverfisáhrif starfsemi sinnar með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum.

UMHVERFISSKREF BIRTU AÐ SETTUM MARKMIÐUM

Með skrefunum er markmiðið að innleiða umhverfisvænar aðgerðir með skipulögðum hætti. Skrefin byggjast á fjölmörgum aðgerðum er snerta fimm rekstrarþætti sjóðsins sem allir hafa áhrif á umhverfið.

Orkunotkun: rafmagn og húshitun

Birta lífeyrissjóður hefur yfirfarið og stillt orkunotkun í hof. Það er gert með ýmsum leiðum, m.a. að stilla orkunotkun tölva, ljósritunarvéla, prentara og annarra tækja þannig að þau fara í viðbragðsstöðu þegar þau eru ekki notuð í tiltekinn tíma.

Flokkun og minni sóun

Birta lífeyrissjóður kom fyrst upp flokkun sorps í kaffistofu sjóðsins árið 2018 og hefur mikill árangur náðst í þeim efnum. Starfsmenn flokka t.d. grófan úrgang, málma, lífrænan úrgang, pappír og raftæki. Markmiðið er að geta á næstu árum fylgst með sorpflokkun frá ári til árs og bætt um betur ef talið er nauðsynlegt.

GRÆN SPOR BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS



Haukadalur 25. september 2018. Stjórn, varastjórn og nokkrir stjórnendur Birtu í gróðurreit sjóðsins ásamt fulltrúum Skóg-ræktarinnar.

Samgöngur

Starfsfólk Birtu lífeyrissjóðs er hvatt til þess að nýta sér umhverfisvænan ferðamáta til og frá vinnu, t.d. hefur sjóðurinn hvatt starfsfólk til að taka þátt í átakinu Hjólað í vinnuna. Aðstaða fyrir hjól er til fyrirmyndar. Hjólageymsla er í kjallara hússins og hjólabogar utan þess.

Innkaup

Starfsfólk Birtu er hvatt til þess að íhuga vel þörfina áður en keypt er inn, til dæmis hvort nýta megi betur það sem til er og samnýta hluti. Áhersla er lögð á að kaupa einungis umhverfsvottaðan prentpappír, raftæki séu í A-flokki orkumerkinga og beina skal viðskiptum einungis til umhverfsvottaðra prentsmiðja. Markmið Birtu er að draga úr pappírnotkun og leggja áherslu á að auka vægi rafrænna samskipta. Birta notar eingöngu umhverfsvottaðar hreinlætis- og ræstivörur.

Miðlun og stjórnun

Birta undirbýr að færa grænt bókhald og rýna starfsemi sína í því skyni að stuðla sem mest að því að reksturinn verði í sátt við umhverfi og náttúru.

BIRTA SEMUR UM SKÓGRÆKT Í HAUKADAL

Birta lífeyrissjóður hefur samið til þriggja ára við Skóg-ræktina um gróðursetningu og skógrækt á alls þremur hekturum lands í Haukadal. Birta hefur nú þegar gróðursett 500 plöntur af stafafuru og sitkagreni í Haukadal og gert er ráð fyrir 7.500 plöntum af stafafuru, sitkagreni og alaskaösp á hekturunum þar sem vaxa mun skógur í nafni Birtu lífeyrissjóðs.

Skógræktin í Haukadal er til marks um græn spor Birtu. Markmiðið er að kolefnisjafna starfsemi lífeyrissjóðsins, stjórnarmanna og starfsfólks. Þannig tekur Birta ábyrgð á umhverfisáhrifum eigin reksturs og stuðlar að því að draga úr koldíoxíði í andrúmsloftinu og binda jarðveg á gróðursnauðum svæðum. Kolefnisbinding og kolefnisforði í trjám, botngróðri og jarðvegi í Haukadal verður eign Birtu til ársins 2068.

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg athugun á stöðu Birtu lífeyrissjóðs í lok árs 2018 var unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi í samræmi við ákvæði 8. greinar samþykktu sjóðsins. Hún er gerð í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga.

Birta lífeyrissjóður veitir réttindi í samtryggingu og rekur auk þess séreignardeild og tilgreinda séreignardeild. Er hér eingöngu fjallað um skuldbindingar og eignir samtryggingardeildar. Mat á skuldbindingum byggist á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhaldi sjóðsins. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhaldi sjóðsins.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athuginina

- Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega.
- Lífslíkur sjóðfélaga og réttthafa: samkvæmt reynslu lífeyrissjóða 2010-2014.
- Örorkulíkur sjóðfélaga: fyrir karla 67% af meðalörorkutiðni karla samkvæmt reynslu íslenskra lífeyrissjóða 2011-2016 og fyrir konur 107% meðalörorkutiðni kvenna samkvæmt reynslu íslenskra lífeyrissjóða 2011-2016.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem greidd hafa verið til sjóðsins til loka 2018, kallast áfallnar skuldbindingar. Heildarlífeyrisskuldbindingar eru þær skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda greiðandi sjóðfélaga um áramót. Ákvæði laga um heimil vikmörk lúta að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Niðurstaða athugunarinnar er að verðmæti eigna sjóðsins, að meðtöldum iðgjöldum en frádregnum kostnaði vegna rekstrar, reiknast 564.193,3 milljón-

ir króna og skuldbindingar vegna áunninna skuldbindinga ásamt framtíðarskuldbindingum reiknast 586.841,3 milljónir króna. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því -22.647,9 milljónir króna eða -3,86% af skuldbindingum.

Staða sjóðsins er innan þeirra almennu marka sem áskilin eru í lögum nr. 129/1997 um að munur eigna og skuldbindinga fari ekki umfram 10% eða samfellt yfir 5% fimm ár í röð.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum háðum óvissu. Mismunur niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika getur komið fram vegna tilviljana-sveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiru áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávik komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Helstu gögn sem stuðst hefur verið við

Réttindabókhald sjóðsins er fært samkvæmt lögum og reglum. Upplýsingar um réttindaöflun og lífeyrisgreiðslur byggjast á því bókhaldi:

- 1) Lífeyrisþegar og greiðslur til þeirra í desember 2018. Hér er tilgreind tegund lífeyris, fjárhæð, hvenær greiðslum lýkur eða þær verða endurskoðaðar, ef um er að ræða maka- eða barnalífeyri, og auðkenni maka fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Er unnt að undanskilja greiðslur vegna umsjónarnefndar eftirlauna sem Birta lífeyrissjóður fær endurgreiddar og eiga því ekki að teljast til skuldbindinga sjóðsins.
- 2) Réttindaöflun og iðgjaldagreiðslur allra sem greitt hafa eða greitt hefur verið fyrir til sjóðsins ár fyrir ár og auk þess sundurliðun eftir mánuðum fyrir árin 2014-2018.
- 3) Einstaklingar sem tilgreindir eru í 1 og 2 með upplýsingum um fæðingardag og mánuð og eftir atvikum dánarár og mánuð og auðkenni maka.

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA



Dorian Konrad Michalski, Dagur Ómar Ásgeirsson, Kristófer Snær Þorgeirsson, Daníel Breki Gunnarsson og Jóhanna Alba Martel, nemar á upplýsinga- og fjölmiðlabraut Tækniskólans.

- 4) Yfirlit yfir skráningu réttinda eftir iðgjalda- og almanaksárum fyrir sjóðinn sem heild.

Gögn sem tryggingastærðfræðingur vinnur með eru ekki á persónugreinanlegu formi.

Með því að fella látna úr skrá um áunnin réttindi, og þá sjóðfélaga sem farnir eru að taka lífeyri, fást áunnin réttindi annarra en lífeyrisþega. Sérstaklega eru síðan talin réttindi sem lífeyrisþegar, sem ekki eru orðnir 70 ára, hafa áunnið sér eftir að taka lífeyris hófst.

Með athugun á skráningu réttinda eftir skráningar- og iðgjaldatímabilum undanfarnir ár má ætla að um 13% af réttindum síðasta almanaksárs hafi ekki verið skráð í lok ársins.

Við áætlun um framtíðariðgjöld vegna iðgjaldatímabila 2019 og síðar, sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða til sjóðsins, er miðað við að allir þeir sem öðluðust réttindi á árinu 2018 muni halda áfram að

ávinna sér sömu réttindi til framtíðar, að teknu tilliti til 13% álags sbr. hér að framan. Sá hópur sjóðfélaga kallast virkir sjóðfélagar en aðrir þeir, sem eiga réttindi í sjóðnum og ekki eru lífeyrisþegar, kallast óvirkir sjóðfélagar.

Úr ársreikningum sjóðsins fengust upplýsingar um kostnað við rekstur síðastliðin þrjú ár og auk þess um eignastöðu sjóðsins. Úr verðbréfakerfi eru fengnar upplýsingar um greiðslukjör skuldabréfa og gengi eigna með breytilegar tekjur á markaðsverði.

Iðgjaldagreiðslur ársins 2018 hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur desember 2018 bornar saman við lífeyrisgreiðslur ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið bornar saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Þessar athuganir benda ekki til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi en gögn hafa ekki verið

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

sannreynd með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

Reikniforsendur og aðferðir

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum nr. 129/1997 og reglugerð nr. 391/1998 sem fjármálaráðherra setur á grundvelli þeirra laga. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóði verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar. Með reglugerð nr. 391/1998 er Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa töflur um lífs- og örorkulíkur til nota við mat á stöðu lífeyrissjóða og jafnframt töflur um hjúskapar- og barneignalíkur.

Við tryggingafræðilega athugun Birtu lífeyrissjóðs 2018 eru notaðar íslenskar dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á reynslu lífeyrissjóða árin 2010-2014.

Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum.

Varðandi örorku er fyrir karla miðað við 67% af meðalörorkutíðni karla samkvæmt reynslu íslenskra lífeyrissjóða 2011-2016 og fyrir konur 107% meðalörorkutíðni kvenna samkvæmt reynslu íslenskra lífeyrissjóða 2011-2016.


Forsendur um lífs- og örorkulíkur eru breyttar frá tryggingafræðilegri athugun árið 2017.

Lífeyrisréttindi eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Gert er ráð fyrir því að vextir verði 3,5% umfram hækkun vísitölnnar.

Árlegur rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld eru áætluð meðaltal kostnaðar árin 2016-2018, uppfært til verðlags í lok árs 2018 (gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2016) og ætlað fyrir sama kostnaði í 50 ár núvirt með sömu vöxtum og lífeyris-skuldbindingar.

Lífeyrisaldur er settur 67 ár eða aldur sjóðfélaga sé hann hærri.

YFIRLIT UM BREYTINGU Á ÁFÖLLNUM LÍFEYRISSKULDBINDINGUM SAMTRYGGINGARDEILDAR



Skuldbindingar samtryggingar eru metnar meðal annars út frá áföllum lífeyrisskuldbindingum sem sýnir áunnin réttindi sjóðfélaga um áramót. Myndin sýnir áfallna skuldbindingu vegna áunninna réttinda í byrjun árs 2018 og stöðuna í árslok 2018, ásamt sundurgreiningu á þeim þáttum sem urðu á árinu 2018 bæði til lækkunar og hækkunar á áfallinni skuldbindingu.

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar úttektir og þær reikniforsendur sem Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga var með sömu reglugerð falið að gefa út til nota við tryggingafræðilegar athuganir. Nýtt er heimild til fráviks frá staðalforsendum hvað varðar lífs- og örorkulíkur þar sem nýr reiknigrunnur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2018 er talinn eiga betur við en staðalforsendur sem eru byggðar á lífslíkum þjóðarinnar og eldri athugun á örorku.

Eignir sjóðsins, sem bera fastar tekjur, eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendu og skuldbindingar, þ.e. 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Óverðtryggðar eignir eru núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun umfram verðbólugumarkmið Seðlabanka Íslands, sem er nú 2,5%.

Útreikningar á núvirði eigna með fastar tekjur eru framkvæmdir af starfsmönnum sjóðsins. Þá eru eignir með breytilegar tekjur, skráðar á skipulegum markaði, metnar á því sem lægra er, markaðsverði í árslok eða

meðaltali markaðsverðs síðustu þriggja mánaða ársins.

Þau frávik, sem með þessu koma fram frá bókfærðu verði eignanna í ársreikningi, eru skráð sem endurmat eigna. Niðurstöður á tryggingafræðilegri stöðu Birtu lífeyrissjóðs, miðað við árslok 2018, má sjá í yfirliti um tryggingafræðilega stöðu samtryggingar í ársreikningi. Í skýringu 16 er yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar.

Niðurstöður

Helstu þættir sem hafa áhrif á stöðu sjóðsins eru ávöxtun, lýðfræðilegir þættir og rekstrarkostnaður.

Lífeyrissjóðurinn framkvæmir reglulega álagspróf en markmiðið með því er að meta hvort tryggingafræðileg staða sjóðsins verði undir -10% miðað við mismunandi fyrirframgreinda álagsþætti. Niðurstöður álagsprófs eru í skýringu 19.3. í ársreikningi.

Raunávöxtun sjóðsins, að teknu tilliti til endurmats, reiknast um 3,9% á árinu.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnar nokkuð á árinu og fer úr -3,4% í -3,8%.



Nemar í húsasmiði í Tækniskólanum.

ÁHÆTTUSTÝRING

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett sjóðnum áhættustefnu, enda ber lífeyrissjóðnum skylda til að koma upp áhættustýringu, sbr. ákvæði laga og reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Auk þess er stuðst við tilmæli OECD/IOPS er varðar áhættu-stjórnkerfi lífeyrissjóða. Gildandi áhættustefna Birtu var samþykkt af stjórn og framkvæmdastjóra 29. nóvember 2018. Hægt er að nálgast afrit af áhættustefnu sjóðsins á vefsvæði Birtu.

Meginmarkmið áhættustefnu Birtu er að minnka líkur á skerðingu á réttindum sjóðfélaga til lengri tíma, ásamt því að móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru í boði á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Skilgreining áhættu

Áhætta er skilgreind sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem lífeyrissjóðurinn skilgreinir.

Skipulag áhættustýringar

Skipulag áhættustýringar er einn af lykilþáttum í starfsemi Birtu. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að mörkuð sé áhættustefna og mótað sé eftirlitskerfi um áhættu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri skulu stuðla að góðum stjórnarháttum og leggja áherslu á mikilvægi áhættustýringar og innra eftirlits innan sjóðsins. Framkvæmdastjóri kynnir áhættustefnu fyrir starfsfólki sjóðsins og ber ábyrgð á að stjórn áhættuþátta sé í samræmi við áhættustefnuna.

Áhættustjóri ber sem ábyrgðaraðili áhættustýringar ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu. Starfssvið áhættustýringar Birtu er sjálfstætt og óháð öðrum starfseiningum sjóðsins. Áhættustýring getur lagt fram skýrslur milliliðalaust til stjórnar um niðurstöður sínar og gert tillögur að viðskiptum til að draga úr áhættu, sem koma til ákvörðunar hjá fjárfestingaráði eða stjórn, eftir atvikum.

Áhættuvilji og áhættuþol

Stjórn hefur sett fram áhættuvilja sinn og skilgreint hefur verið áhættuþol sjóðsins í áhættustefnu, eins og mögulegt er á mælanlegan hátt, eftir áhættuþáttum sbr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997 fyrir helstu áhættuþætti samtryggingar og séreignardeilda.

Áhættuvilji er skilgreindur sem sú áhætta sem stjórn sjóðsins er reiðubúin að taka. Áhættuþol er skilgreind sem sú áhætta sem lífeyrissjóðurinn þolir án þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða. Áhættuþol samtryggingardeildar tekur mið af tryggingafræðilegri stöðu hverju sinni.

Meginaðferðir við að stýra áhættu

Í áhættustefnu eru skilgreindar fjórar megináðferðir við að stýra áhættu:

1. Að draga úr áhættu

Reynt er að milda eða minnka áhættu með því meðal annars að takmarka eign í eignaflokki eða dreifa eignum milli flokka eða landa. Áhættudreifing eignar er ein leið til að draga úr áhættu, til að mynda með takmörkun á innbyrðis fylgni, samvali mismunandi eignaflokka, dreifingu milli ólíkra landssvæða og dreifingu gjaldmiðla.

2. Að forðast áhættu

Reynt að útiloka áhættu með því að fjárfesta ekki í ákveðnum eignum eða tilteknum verðbréfum. Í þessu sambandi er við hæfi að benda á að rekstri lífeyrissjóðsins fylgir ávallt tiltekin áhætta og ákveðin meðvitund áhættutaka er eðlilegur þáttur í stýringu eignasafnsins.

3. Að yfirfæra áhættu

Reynt að notast við ákveðnar varnir gegn ákveðnu gjaldi til að draga úr áhættu.

4. Að viðurkenna áhættu

Lagt er mat á hvort það svari kostnaði að taka áhættu, tímalengd og mögulegar aðstæður við áhættutökuna.

Óvissa í ytra umhverfi sjóðsins

Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar en hugmyndafræði Birtu gengur út á að dreifa eignum og takmarka þannig áhættu. Markmiðið er að taka meðvitaða áhættu sem skilar sjóðnum virðisauka í samræmi við þá áhættu sem tekin er. Einfaldara er að forða sjóðnum frá atburðum sem eru líklegir og fyrirsjáanlegir en ólíklegum atburðum sem hafa mikil áhrif á sjóðinn. Til þess að meta áhrif

ÁHÆTTUSTÝRING

af sjaldgæfum en áhrifamiklum atburðum, sem háðir eru mikilli óvissu, framkvæmir sjóðurinn álagspróf, næmni- og sviðsmyndagreiningar sem ætlað er að meta viðnámsþrótt sjóðsins, eftir því sem við á. Niðurstaða slíkrar vinnu er að skilgreina mótvægisáðgerðir til að lágmarka tjón sjóðsins ef tilteknir atburðir gerast.

Margir gera sér óljósa grein fyrir efnahags- og samfélagslegum áhrifum samfara hrúni á verðbréfamörkuðum, sbr. aðdragandann að hrúni bankakerfisins á árinu 2008. Fæstir gerðu sér fyllilega grein fyrir þeim áhrifum sem síðar raungerðust eftir hrún og því flækjustigi sem leysa þurfti úr. Okkur hættir til að gera ráð fyrir að næsta áfall verði sambærilegt og fyrri reynsla kenndi okkur en næsta tilfelli er líklegra til að hafa ólík áhrif þó hægt verði að finna hliðstæður. Umsvif í ferðapjónustu hafa aukist og ólíklegt að áhrif samdráttar í greininni verði sambærilegt og eftir hrún á fjármálamörkuðum 2008.

Á hverjum tíma eru óvissupættir í ytra umhverfi sjóðsins, sem geta verið bæði hérlendis og erlendis og haft áhrif þvert á eignaflokka og áhættuþætti sjóðsins. Við skrif ársskýrslu 2018 er hægt að nefna eftirfarandi óvissupætti í ytra umhverfi sjóðsins sem óljóst er hvaða áhrif muni hafa á eignir Birtu lífeyrissjóðs: Stöðugleiki

innlendarar ferðapjónustu til lengri tíma og vísbendingar um hægari vöxt og jafnvel samdrátt til skemmri tíma með tilheyrandi áhrifum á ferðapjónustufyrirtæki. Deilur á vinnumarkaði auka þá óvissu.

Sjóðurinn hefur unnið sviðsmyndagreiningu sem gerir ráð fyrir samdrætti í ferðapjónustu og metið möguleg áhrif þess, vitandi það að slík sviðsmynd er mikilli óvissu háð. Íslenska krónan og sveifla hennar gagnvart öðrum gjaldmiðlum er háð mikilli óvissu sem flókið er að meta. Raunvaxtastig á hverjum tíma hefur áhrif á áhættumynd lífeyrissjóðsins til að geta skilað 3,5% raunhækkun skuldbindinga á ári.

Gera má ráð fyrir að atvinnufyrirtækjum gangi betur þegar aðgengi að fjármagni er gott og vextir lágir. Aukið hlutfall fjárfestinga í hlutabréfum getur aukið sveiflur án þess að skerða endilega getu sjóðsins til að ná fyrrgreindum markmiðum. Þá bendir sjóðurinn á að skilvirkur fjármálamarkaður er forsenda þess að honum takist að stýra áhættu með kaupum og sölu á fjármálagerningum og eiga í viðskiptum með gjaldeyri. Skilvirkni innlendra markaða er háð mikilli óvissu. Af erlendum áhrifum má nefna útgöngu Breta úr Evrópu-sambandinu (Brexit) og áhrifin sem það mun hafa.

Lífeyrstryggingaáhætta	Fjárhagsleg áhætta	Mótaðilaáhætta	Lausafjáraáhætta	Rekstraráhætta
Skerðingaráhætta	Vaxta- og endurfjárfestingaáhætta	Útlánaáhætta	Seljanleikaáhætta	Starfsmannaáhætta
Iðgjaldaáhætta	Uppgreiðsluáhætta	Samþjöppunaráhætta	Útstreymisáhætta	Sviksemisáhætta
Umhverfisáhætta	Markaðsáhætta	Landsáhætta		Áhætta vegna upplýsingatækni
Lýðfræðileg áhætta	Gjaldmiðlaáhætta	Afhendingaráhætta		Orðsporsáhætta
Réttindaflutningsáhætta	Ósamræmisáhætta	Uppgjörsáhætta		Pólitísk áhætta, lög og reglur
	Verðbólguáhætta			Skjalaáhætta
	Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði			Úrskurðaráhætta lífeyris
	Áhætta v/skuldbindinga utan efnahags			Áhætta vegna útvistunar
	Seljanleikaáhætta innlendra hlutabréfa			Stjórnarhættir
				Upplýsingaáhætta

ÁHÆTTUSTÝRING

Flokkun áhættupáttanna

Samkvæmt áhættustefnu Birtu eru áhættupættir í starfsemi lífeyrissjóðsins flokkaðir í fimm megináhættuflokkum:

1. Lífeyrstryggingaáhætta
2. Fjárhagsleg áhætta
3. Mótaðilaáhætta
4. Lausafjáraáhætta
5. Rekstraráhætta

Þessi flokkun áhættu byggist á leiðbeiningum GARP (*Global Association of Risk Professionals*) og skýrslu alþjóðasamtaka tryggingastærðfræðinga IAA (*International Actuarial Association*) með aðlögun að

starfsemi lífeyrissjóða. Skýringar og skilgreiningar eru ýmist byggðar á lögum eða fræðibókum og færa má rök fyrir því að sumir áhættupættir geti fallið undir aðra meginflokkum en þá sem tilgreindir eru.

Ofangreindir fimm megináhættuflokkar skiptast í 31 undirflokk (áhættupátt). Í skýringu 19 í ársreikningi er gerð nánari grein fyrir nokkrum áhættupáttum og stöðu þeirra. Sú flokkun sem gerð er í áhættustefnu byggist á eðli áhættunnar en mikilvægt er að hafa í huga að áhætta er breytilegt ástand en ekki stöðugt. Birta hefur metið mikilvægi hvers áhættupáttar með hliðsjón af rekstri sjóðsins í heild og mögulegum áhrifum áhættupáttarins á eignir og skuldbindingar sjóðsins.



Útskriftarnemar í pípulagningum vorið 2019 og kennari þeirra í Tækniskólanum. Frá vinstri: Jökull Sindri Aðalsteinsson, Guðni Leifur Friðriksson, Bjarni Guðmundsson, Jóhannes Örn Kristjánsson, Friðrik Auðunn Jónsson, Domantas Drungilas, Böðvar Ingi Guðbjartsson kennari, Kristófer Daði Kárason, Brynjar Valsson, Hákon Fannar Briem Kristjánsson, Brynjar Loftsson og Pétur Máni Björgvinsson.



Pétur Máni Björgvinsson, nemi í pípulögnum í Tækniskólanum.

ÞRÓUN MARKAÐA OG EIGNAFLOKKA 2018

Innlendur skuldabréfamarkaður og vextir

Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru 4,25% langt fram eftir ári en í nóvember hækkaði bankinn vexti sína um 0,25% og reyndist það eina vaxtabreyting bankans á árinu. Stýrivextir voru því 4,50% í lok árs. Bankinn hækkaði vexti í ljósi hækkandi verðbólgu og hærri verðbólguvæntinga og taldi að verðbólguhorfur hefðu versnað þó á móti kæmi að horfur væru á að hraðar myndi draga úr vexti efnahagssumsvifa en bankinn hefði áður talið.

Töluverðar breytingar voru á ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfa. Ávöxtunarkrafa var lítt breytt fram eftir ári en um mitt ár tók hún að lækka og lækkaði nánast sleitulaust til loka árs. Verðverðtryggðra skuldabréfa hækkaði því hægt og bitandi seinni hluta árs (verð skuldabréfa með föstum vöxtum hækka þegar ávöxtunarkrafa lækkar) og var ávöxtun með miklum ágætum, annað árið í röð. Nafnávöxtun vísitölu 10 ára verðtryggðra ríkisbréfa var til dæmis um 12% og vísitölu 5 ára verðtryggðra ríkisbréfa rúm 8%. Ný útgáfa verðtryggðra skuldabréfa ríkissjóðs leit dagsins ljós en í nóvember var fyrsta útböð verðtryggðs flokks til sjö ára. Flokkar verðtryggðra ríkisbréfa eru því nú fjórir talsins.

Líkt og undanfarin ár voru engin útböð íbúðabréfa, sem eru langstærsti flokkur skuldabréfa með ríkisábyrgð. Viðskiptabankarnir héldu sínu striki og héldu regluleg útböð á sértryggðum skuldabréfum en skuldabréf banka hafa borið uppi útgáfu á traustum verðtryggðum skuldabréfum á undanförunum árum. Að vanda voru útböð á skuldabréfum sveitarfélaga og var Lánasjóður sveitarfélaga þar atkvæðamestur en sjóðurinn er í eigu sveitarfélaga landsins.

Til tíðinda má telja að fyrsta útgáfa grænna skuldabréfa fór fram þegar Reykjavíkurborg gaf út skuldabréf. Grænum skuldabréfum er ætlað að fjármagna umhverfisvæn verkefni. Fasteignafélög öfluðu sér einnig lánsfjár með skuldabréfaútböðum, bæði félög sem hafa með höndum útleigu á atvinnuhúsnæði, svo sem Reginn hf., Eik hf., Reitir hf. og félögin Heimavellir hf. og Almenna leigufélagið sem eiga og leigja út íbúðarhúsnæði.


Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa þokaðist lítillega upp á fyrri helmingi ársins. Síðsumars fór að færast kraftur í hækkunir á ávöxtunarkröfu og náði hún toppi í október og hafði þá hækkað úr 5,50% í rúm 6% á stuttum tíma og um eitt prósent frá upphafi árs. Verð lengstu óverðtryggðu ríkisbréfa hafði þá lækkað

mikið. Eftir að toppi kröfunnar var náð í október tók við ekki síður kröftug lækkun á kröfu sem hélst allt til loka árs. Í árslok var krafa þó aðeins hærri en í upphafi árs og var ávöxtun vísitalna óverðtryggðra ríkisbréfa ekki há á árinu 2018.


Lánamál ríkisins buðu reglulega út ríkisbréf en eitt til tvö útböð voru að jafnaði í hverjum mánuði. Lánsfjárbörf ríkisins hefur minnkað hægt og bitandi á undanförunum árum og hrein útgáfa, þ.e. útgáfa að frádregnum afborgunum, raunar farið minnkandi. Einnig voru útböð af hálfu banka þar sem seld voru óverðtryggð sértryggð skuldabréf jafnframt því sem bankarnir selja bankavíxla í reglulegum útböðum.

Innlend skuldabréfaeign Birtu lífeyrissjóðs var 215 milljarðar króna í árslok 2018. Mest kveður að skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs sem eru tæpur helmingur skuldabréfasafnsins og um fjórðungur af heildareignasafni sjóðsins. Aðrir helstu eignaflokkar skuldabréfa eru skuldabréf sveitarfélaga og eru skuldabréf útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga stór hluti eignaflokksins, einnig sértryggð skuldabréf banka. Eign sjóðsins í veðskuldabréfum er einnig umtalsverð, bæði veðlán til sjóðfélaga og lögaðila.

VERÐBÓLGA OG STÝRIVEXTIR



VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF



ÞRÓUN MARKAÐA OG EIGNAFLOKKA 2018

ÓVERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF



Langstærstur hluti skuldabréfaeignar sjóðsins er gerður upp á upphaflegri kaupkröfu en ekki markaðskröfu. Þetta hefur í för með sér að sveiflur á markaðsverði skuldabréfa, vegna breytinga á ávöxtunarkröfu á markaði, hafa ekki áhrif á bókfært verðmæti skuldabréfa í bókum sjóðsins. Miklar hreyfingar á ávöxtunarkröfu á markaði, hvort sem um ræðir til hækkunar eða lækkunar, hafa því takmörkuð áhrif á ávöxtun skuldabréfasafns sjóðsins þegar til skemmri tíma er litið. Þetta gildir um samtryggingardeild Birtu en skuldabréfaeign séreignarleidda er færð á markaðsverði á hverjum tíma. Ágæt hækkun á gengi verðtryggðra ríkisskuldabréfa á síðasta ári skilaði sér t.d. í ágætri raunávöxtun skuldabréfadeildar séreignadeildar Birtu á meðan gengishækkunin, ef hún reynist varanleg, dreifist á fleiri ár í samtryggingardeildinni.


Innlend hlutabréf

Uppskeran á innlendum hlutabréfamarkaði árið 2018 var rýr og lækkaði heildarvísitala Kauphallarinnar örllítið. Hlutabréfaverð lækkaði þó framan af ári en sú hækkun gekk smátt og smátt til baka þegar leið á árið. Töluverðar breytingar voru á gengi margra félaga. Verð hlutabréfa í Högum hf. og Marel hf. lækkaði nokkuð en hlutabréfaverð Icelandair Group hf. og Sýnar hf. lækkaði um þriðjung. Töluverðar lækkanir voru á hlutabréfaverði tryggingafélaganna þriggja sem skráð eru í Kauphöllinni og einnig lækkaði hlutabréfaverð skráðra fasteignafélaga.

Tvö félag voru skráð í Kauphöllinni á árinu, íbúðaleigufélagið Heimavellir hf. og Kvika banki hf. Í árslok voru 20 félög skráð á innlendum hlutabréfamarkaði.

Skráð og óskráð innlend hlutabréf voru um 12%

INNLENDAR HLUTABRÉFAVÍSITÖLUR



af heildareignasafni Birtu í árslok. Langstærstur hluti hlutabréfaeignar sjóðsins er í hlutabréfum skráðra félaga.

Í árslok voru stærstu einstakar eignir sjóðsins í innlendum hlutabréfum í Marel hf., Icelandair Group hf. og Högum hf. en sjóðurinn á hlutabréf í öllum fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöllinni. Meðal stærstu óskráðra eigna sjóðsins er hlutur í Eyri Invest hf. og eign í Jarðvarma slhf. sem fer með 25% eignarhlut í HS Orku. Eign Birtu í Framtakssjóði Íslands er ekki lengur meðal stærstu óskráðu eigna en sjóðurinn hefur greitt út mikið fé til eigenda sinna á undanförunum árum.

Erlendir markaðir


Allt frá byrjun fjármála- og efnahagskreppunnar fyrir um áratug hefur þróunin á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum og umhverfi þeirra meðal annars markast af þremur þáttum:

1. Einbeitri lágvaxtastefnu stærstu seðlabanka heims þar sem vextir voru í kringum núll svo árum skipti.
2. Umfangsmiklum kaupum seðlabanka á verðbréfum af ýmsu tagi í viðleitni til að lækka vexti almennt og örva með þeim hætti efnahagslíf viðkomandi landa eða svæða.
3. Miklum hagvexti í Kína og sívaxandi vægi landsins í alþjóðlegu efnahagslífi, með næststærsta hagkerfi heims.

Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) lækkaði um tæp 9% á árinu mælt í dollurum. Gengisvísitala krónunnar var tiltölulega stöðug framan af ári en tók að lækka á haustmánuðum. Því virtist stefna í að veiking krónunnar

ÞRÓUN MARKAÐA OG EIGNAFLOKKA 2018

ERLENDAR HLUTABRÉFAVÍSITÖLUR (Í USD)



myndi vinna myndarlega upp lækkun heimsvísitölnnar í dollar og að ávöxtun erlendra hlutabréfa í íslenskum krónum yrði með ágætum. Svo fór þó ekki en krónan styrktist mikið í desembermánuði.

Þegar öll kurl voru til grafar komin varð ávöxtun erlendra hlutabréfa um 3%, mæld í íslenskum krónum. Á bandarískum hlutabréfamarkaði, þar sem er ríflega helmingur markaðsvirðis allra skráðra hlutabréfa í heiminum, lækkaði S&P 500 vísitalan um 5% en vísitalan tekur til nánast allra stærstu fyrirtækja í Bandaríkjunum.

Árið byrjaði af krafti með mikilli hækkun í janúar en sú hækkun gekk að mestu til baka í febrúar og mars. Hlutabréfaverð hækkaði svo hægt og bitandi fram á haust en tók þá að hökta og varð venju fremur sveiflukennt. Skipti engum togum að í desember lækkaði bandaríski hlutabréfamarkaðurinn nánast eins og hendi væri veifað um 15% fram til jóla en hann rétti aðeins úr kútnum síðustu daga ársins. Árleg meðalávöxtun bandarískra hlutabréfa frá því að núverandi uppsveifla hófst í upphafi árs 2009 er 16%, ávöxtun sem er langt umfram það sem raunhæft er að búast við á svo löngum tíma og ber m.a. að skoða í ljósi þess að við byrjun uppsveiflunnar var hlutabréfaverð orðið lágt eftir 50% lækkun.

Evrópskir hlutabréfamarkaðir lækkuðu mikið og snöggum meira en markaður í Bandaríkjunum. Svo dæmi sé tekið af stærstu mörkuðunum lækkaði þýski markaðurinn um 18%, franskur markaðurinn um 11% og breski markaðurinn um 12%. Heildarávöxtun var þó eilítið minna neikvæð þar sem ekki er tekið tillit til arðgreiðslna í framangreindum tölum.

ERLENDAR HLUTABRÉFAVÍSITÖLUR (Í ISK)



Á norrænum hlutabréfamörkuðum var norski markaðurinn sá eini sem hélt sjó en norska hlutabréfavísitalan stóð í stað. Eftir atvikum voru þó miklar breytingar á gengi einstakra fyrirtækja, til dæmis hækkaði gengi fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskeldi mikið.

Á nýmörkuðum bar einna hæst miklar lækkanir á hlutabréfamarkaði í Kína og reyndar var árið flestum nýmörkuðum erfitt og lækkaði MSCI vísitala nýmarkaða um 15%. Þessa lækkun má skoða í ljósi þess að hækkun sömu vísitölu var 37,5% árið 2017. Það er ekkert nýtt á hlutabréfamörkuðum að veður skipist í lofti eftir tímabil mikilla hækkana eða lækkana.

Vextir víðast um heim voru áfram lágir en allir stærstu seðlabankar heims hafa haldið vöxtum lágum um margra ára skeið og gripið til margvíslegra annarra aðgerða til að halda vöxtum lágum. Lágt vaxtastig hefur fært hlutabréfamörkuðum meðvind á undanförunum árum og að sínu leyti ýtt undir hina langvinnu uppsveiflu á hlutabréfamörkuðum almennt. Bandaríski seðlabankinn hækkaði stýrivexti sína fjórum sinnum árinu eftir því sem efnahagsframvindan gaf tilefni til. Langtímavextir í Bandaríkjunum fóru einnig hækkandi fram eftir árinu en lækkuðu hratt á síðustu vikum ársins. Vextir í Evrópu eru sem fyrr óhemjulágir hvort sem um ræðir skammtíma- eða langtímavexti.

Yfirgnæfandi hluti erlendra eigna Birtu er í erlendum hlutabréfasjóðum og sérgreindum hlutabréfasöfnum. Aðrar erlendar eignir sjóðsins eru einkum framtakssjóðir (e. *private equity*).

Í árslok 2018 voru erlend verðbréf Birtu um 28% af heildareignum.

FJÁRFESTINGARSTEFNA

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna Birtu lífeyrissjóðs er mótuð af stjórn sjóðsins, með þátttöku fjárfestingarráðs Birtu, á grundvelli laga nr. 129/1997 og reglugerðar nr. 916/2009 með síðari breytingum. Stefnan er mótuð í samræmi við góða viðskiptahætti og með hliðsjón af fjárfestingarreglum Birtu. Við mótun stefnunnar eru hagsmunir sjóðfélaga ávallt hafðir að leiðarljósi og ávöxtun á eignum sjóðsins að teknu tilliti til áhættu.

Stefnan byggist á mismunandi tegundaflokkun verðbréfa ásamt innlánnum og er henni ætlað að vera vegvísir fyrir stjórn, fjárfestingarráð og þjónustuaðila sem stýra eignum fyrir sjóðinn. Stefnan er birt á vef sjóðsins ásamt því að vera ávallt kynnt sjóðfélögum á ársfundi sbr. 3 mgr. 30. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Við ávöxtun eigna sjóðsins og framfylgni við fjárfestingastefnuna eru 1. til 5. töluliður 1. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðalaganna ávallt hafðir til grundvallar. Þessi atriði varða hagsmuni sjóðfélaga, aldursamsetningu þeirra og aðra þætti er geta haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Byggja skal allar fjárfestingar á viðeigandi greiningu á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga. Að sama skapi þarf að gæta að því að eignir sjóðsins séu nægilega dreifðar þannig að koma megi í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun á óhóflegri áhættu í eignasafni hans.

Birta lífeyrissjóður er langtímafjárfestir og hagar fjárfestingum sínum samkvæmt því. Fjárfestingarstefnan er nánari útfærsla á þeirri hugmyndafræði sem sjóðurinn notar við að ná fjárfestingarmarkmiðum sínum. Hún er sett fram í þeim tilgangi að ná eftirfarandi langtíma-markmiðum:

- Tryggja að sem mest jafnvægi ríki á milli eigna og skuldbindinga.
- Ná hæstu mögulegu ávöxtun að teknu tilliti til áhættu og seljanleika eigna.
- Viðhalda nægilegri áhættudreifingu eigna.
- Tryggja öryggi eigna og varðveita verðgildi sjóðsins til langs tíma.
- Leggja áherslu á innra virði og langtíma raunvirðisaukningu.
- Leggja áherslu á langtímavæntingar og áhættuleiðréttu ávöxtun umfram sætaskipan í árangri til skamms tíma.

Sjóðnum ber að setja sér siðferðisleg markmið í fjárfestingum sínum. Það er stefna stjórnar Birtu að hafa sjálfbæra þróun (*e. sustainable development*) að leiðarljósi við siðferðislegt mat á fjárfestingum sjóðsins. Hugtakið sjálfbær þróun er nátengt hugmyndafræði fjárfestingarstefnu sjóðsins þar sem áhersla er lögð á heildarsýn og langtímahugsun.


Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar

Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar byggist á tegundaflokkun verðbréfa ásamt innlánnum sbr. 36. gr. a. lífeyrissjóðalaga með síðari breytingum. Skv. öðrum kafla reglugerðar nr. 916/2009, með síðari breytingum, skal ákvarða form og efni fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar með ákveðnum hætti. Í henni skal meðal annars birta áætlun um hvenær markmiði um eignasamsetningu skuli náð ásamt þeim forsendum sem stjórn sjóðsins byggir stefnuna á. Jafnframt skal fjalla um áhrif lífeyrisbyrðar, réttindakerfis og áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis vegna lífeyrisskuldbindinga. Einnig ber sjóðnum að fjalla um áhrif stefnunnar á núverandi eignasamsetningu sjóðsins.

Lífeyrisbyrði og framtíðargreiðsluflæði

Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum, nam 64,3% á árinu 2018 en 65,5% á árinu 2017. Nemur lækkunin því um 1,2 prósentustigum. Þegar tekið er tillit til greiðsluflæðis af verðbréfaeign sjóðsins með föstum tekjum styrkist framtíðargreiðsluflæðið enn frekar en áætla má að lífeyrisbyrðin verði um 50% að meðaltali af ráðstöfunarfé sjóðsins til nýfjárfestinga á næstu fimm árum.

MYND 1 - ÁÆTLAÐ FRAMTÍÐARGREIÐSLUFLÆÐI



FJÁRFESTINGARSTEFNA

TAFLA 1 - SAMTRYGGING

	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikmök	Neðri vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	1,0%	4,0%	0,0%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	24,0%	29,0%	19,0%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4,0%	6,0%	2,0%
Sértryggð skuldabréf	4,0%	6,0%	2,0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	15,0%	20,0%	10,0%
Skuldabréf fyrirtækja	7,0%	11,0%	3,0%
Innlend hlutabréf	11,0%	15,0%	9,0%
Erlend hlutabréf	26,0%	27,0%	17,0%
Óhefðbundar fjárfestingar	8,0%	12,0%	4,0%
Samtals	100,0%		
Par af eignir í erlendum gjaldmiðli	34,5%	50,0%	19,0%

Mynd 1 sýnir áætlað greiðslufæði Birtu til framtíðar þar sem ekki er gert ráð fyrir nýliðun sjóðfélaga. Samkvæmt þessum forsendum duga tekjur fyrir greiðslu lífeyris a.m.k. til ársins 2032. Eftir það gengur á eignir sjóðsins en heildarskuldbindingar umfram eignir voru 3,8% í árslok 2018. Samtryggingardeild sjóðsins hefur því ennþá töluvert svigrúm til að fjárfesta í eignaflokkum sem sveiflast í verði.

Eignasamsetning og núverandi staða

Núgildandi fjárfestingarstefna samtryggingardeildar, sem stjórn sjóðsins undirritaði 29. nóvember 2018, felur í sér markmiðssetningu ársins 2019. Stefnuna má sjá í töflu 1. Gert er ráð fyrir að sjóðnum takist að ná markmiðum sínum um eignasamsetningu og halda sig innan vikmarka settrar stefnu á árinu 2019.

Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Við mótun nýrrar stefnu er tekið mið af eignasamsetningu sjóðsins, aðstæðum á mörkuðum og þeim fjárfestingartækifærum sem framundan eru. Horft er til framtíðar og spáð fyrir um vænta ávöxtun og áhættu helstu tegundaflokka verðbréfa. Grundvöllur þeirrar aðferðarfræði sem sjóðurinn notar við mótun stefnunnar byggist á líkani sem tekur tillit til þróunar skuldbindinga og samfylgni eignaflokka við skuldbindingar sjóðsins.

Samtryggingardeildin notar ákveðnar vísitölur til viðmiðunar um árangur ávöxtunar og áhættu einstakra eignaflokka. Þær helstu eru verðtryggð vísitala NASDAQ OMX á Íslandi með fastan 10 ára líftíma

(OMXI10YI) sem notuð er sem viðmið fyrir skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs. Viðmið við ávöxtun innlendra hlutabréfa sjóðsins er heildarvísitala aðallista NASDAQ OMX á Íslandi, arðgreiðsluleiðrétt (OMX IGI). Viðmið við ávöxtun erlendra hlutabréfaeigna sjóðsins er hlutabréfavísitala Morgan Stanley, arðgreiðsluleiðrétt (MSCI ACWI TR). Aðrar vísitölur, sem notaðar eru til viðmiðunar einstakra eignaflokka, má sjá í fjárfestingarstefnu sjóðsins á birta.is.

Fjárfestingarstefna tilgreindrar séreignar

Tilgreind séreign er sú tegund séreignarsparnaðar sem frá 1. júlí 2017 hefur boðist sjóðfélögum sem eru aðilar að kjarasamningum ASÍ og SA. Í þessari fjárfestingarleið gefst viðkomandi sjóðfélögum kostur á að ráðstafa að hluta eða öllu leyti iðgjaldi umfram 12% skylduframlagið.

Að svo stöddu er einungis ein sparnaðarleið í boði fyrir tilgreinda séreign og má sjá fjárfestingarstefnu hennar í töflu 2. Fjárfestingarstefna leiðarinnar byggist fyrst og fremst á langtímamarkmiði í ávöxtun og mun eignasamsetning hennar þar af leiðandi endurspegla samtryggingardeild Birtu að mestu leyti hvað varðar eignaflokka og vægi þeirra.

Fjárfestingarstefna séreignardeildar

Séreignardeild Birtu lífeyrissjóðs býður þrjár mismunandi sparnaðarleiðir: innlánsleið, skuldabréfaleið og blandaða leið. Sjóðfélagar geta nýtt sér eina leið eða fleiri leiðir samtímis. Við val á sparnaðarleið er skyn-

FJÁRFESTINGARSTEFNA

TAFLA 2 - TILGREIND SÉREIGN

	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikmök	Neðri vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	25,0%	30,0%	20,0%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	25,0%	35,0%	15,0%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0,0%	0,0%	0,0%
Sértryggð skuldabréf	8,0%	12,0%	0,0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%
Skuldabréf fyrirtækja	0,0%	0,0%	0,0%
Innlend hlutabréf	12,0%	15,0%	10,0%
Erlend hlutabréf	30,0%	35,0%	25,0%
Óhefðbundar fjárfestingar	0,0%	0,0%	0,0%
Samtals	100,0%		
Þar af eignir í erlendum gjaldmiðli	35,0%	40,0%	25,0%

samlegt að taka mið af aldri, eignastöðu og viðhorfi til áhættu auk þess sem sérstakar aðstæður hvers og eins geta skipt máli.

Innlánsleið

Innlánsleiðin er öruggasta sparnaðarleið Birtu. Þar er stefnt að því að lágmarka sveiflur. Þessi sparnaðarleið er ávöxtuð að mestu leyti á verðtryggðum innlánsreikningum bankastofnana. Leiðin hentar þeim vel sem vilja öryggi þar sem höfuðstóllinn heldur verðgildi sínu en vextirnir eru breytilegir og að jafnaði þeir hæstu sem bjóðast á bundnum innlánnum á hverjum tíma. Þess ber þó að geta að þar sem sparnaðarleiðinni fylgir lítil áhætta er vænt ávöxtun hennar að sama skapi lægri en ella til lengri tíma lítið.

Skuldabréfaleið

Í skuldabréfaleið er lögð áhersla á verðtryggð skuldabréf sem að jafnaði gefa góða og stöðuga ávöxtun til lengri tíma. Útgefendur skuldabréfanna eru að miklu leyti ríki og sveitarfélög. Í skuldabréfum felast loforð um fastar greiðslur í framtíðinni en ávöxtunin stjórnast af markaðsvöxtum þeirra bréfa sem keypt eru inn í skuldabréfasafnið. Hafa verður þó í huga að miklar og snöggar breytingar á ávöxtunarkröfu á markaði geta leitt tímabundið til sveiflna í ávöxtun þar sem verð bréfanna tekur mið af breytingum á markaðsvöxtum.

Blönduð leið

Blandaða leiðin er áhættumesta sparnaðarleið Birtu og þar má búast við sveiflukenndri ávöxtun en á móti

TAFLA 3 - SKULDABRÉFALEIÐ

	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikmök	Neðri vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	2,0%	10,0%	0,0%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	50,0%	60,0%	40,0%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	13,0%	14,0%	10,0%
Sértryggð skuldabréf	9,0%	12,0%	0,0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	18,0%	25,0%	15,0%
Skuldabréf fyrirtækja	8,0%	12,0%	4,0%
Innlend hlutabréf	0,0%	0,1%	0,0%
Erlend hlutabréf	0,0%	0,0%	0,0%
Óhefðbundar fjárfestingar	0,0%	5,0%	0,0%
Samtals	100,0%		
Þar af eignir í erlendum gjaldmiðli	0,0%	15,0%	0,0%

FJÁRFESTINGARSTEFNA

TAFLA 4 - BLÖNDUÐ LEIÐ

	Markmið um eignasamsetningu	Efri vikmök	Neðri vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	2,0%	4,0%	0,0%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	24,0%	34,0%	14,0%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3,0%	6,0%	0,0%
Sértryggð skuldabréf	7,0%	10,0%	4,0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	3,0%	6,0%	0,0%
Skuldabréf fyrirtækja	6,0%	9,0%	3,0%
Innlend hlutabréf	12,0%	20,0%	10,0%
Erlend hlutabréf	43,0%	45,0%	35,0%
Óhefðbundar fjárfestingar	0,0%	5,0%	0,0%
Samtals	100,0%		
Par af eignir í erlendum gjaldmiðli	45,0%	50,0%	36,0%

koma væntingar um góða langtímaávöxtun. Leiðin fylgir sambærilegri stefnu í fjárfestingum og samtryggingardeild Birtu, þ.e. blöndu af hlutabréfum og skuldabréfum, þó að hlutabréfahluti þessarar sparnaðarleiðar sé með hærra hlutfall bréfa á erlendum mörkuðum.

Sjóðfélögum er vilja kynna sér fjárfestingarstefnur sparnaðarleiðanna ítarlegar er bent á upplýsingar á birta.is.

Reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar

Birta lífeyrissjóður er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. *Principles for Responsible Investing, PRI*). Reglurnar voru samdar af leiðandi lífeyrissjóðum og eignavörslufyrirtækjum víða

um heim í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar og hafa margir af stærstu lífeyrissjóðum Vesturlanda undirgengist reglurnar.

Birtu ber árlega að skila PRI skýrslu, tilgreina eignasafn sitt og upplýsa hvernig sjóðurinn tryggir eða reynir að tryggja að eigin fjárfestingarstarfsemi og samstarfsaðila samræmist markmiðum um ábyrgar fjárfestingar. Skýrslan skal vera yfirlýpsmikil.

Þegar búið er að gera grein fyrir skipulagi sjóðsins, stærð hans og samsetningu eignasafns, er kannað ítarlega hvernig Birta framfylgir hlutverki sínu sem samfélagslega ábyrgur fjárfestir; eigandi annars vegar og lánveitandi hins vegar. Enn fremur er kannað hvernig starfsmenn sjóðsins sjá til þess að fjármunum, sem stýrt er af þriðja aðila, sé sannarlega stýrt með hagsmuni sjóðsins og samfélagsins í heild að leiðarljósi.

REGLUVARSLA

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs ber á grundvelli 5. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda að setja sjóðnum reglur um verðbréfaviðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Gildandi reglur eru byggðar á leiðbeinandi verklagsreglum Landssamtaka lífeyrissjóða um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðs með fjármálagerninga og skulu endurskoðaðar reglulega.

Stjórn sjóðsins skipar regluvörð til að stuðla að fylgni við reglurnar og svo leita megi til hans eftir ráðgjöf og leiðbeiningum í tengslum við þær lagakröfur sem gerðar eru til sjóðsins sem fagfjárfestis á skipulögðum verðbréfamarkaði.

Lögfræðingur sjóðsins gegnir stöðu regluvarðar fyrir sjóðinn á grundvelli sérstaks erindisbréfs og staðgengill hans er áhættustjóri sjóðsins. Regluvörður skal njóta sjálfstæðis í störfum sínum og er hann í því skyni skipaður af stjórn. Á reglulegum fundum regluvarðar með framkvæmdastjóra, áhættustjóra og forstöðumanni skrifstofu- og rekstrarsviðs sjóðsins eru reglur, verklag og ferlar yfirfarnir og þau mál sem upp koma hverju sinni könnuð og rædd. Regluvörður veitir árlega skýrslu um störf sín til stjórnar og oftár ef þörf krefur.

Meginverkefni regluvarðar sjóðsins er að hafa eftirlit með því að framfylgt sé gildandi reglum Birtu lífeyrissjóðs á hverjum tíma um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins með fjármálagerninga. Þá skal regluvörður hafa eftirlit með því að Birta starfi í samræmi við þær reglur sem um starfsemina gilda og lúta að viðskiptum með skráða fjármálagerninga.

Hlutverk regluvarðar

- Eftirlit með viðskiptum starfsmanna sem heyra undir reglurnar.
- Utanumhald og tilkynningar vegna tilkynningarskyldra viðskipta stjórnarmanna og starfsmanna sem reglurnar taka til.
- Eftirlit með uppfærslu lista um hagsmunatengda aðila.
- Eftirlit með því að stjórnarmenn eða starfsmenn séu skráðir innherjar eða fjárhagslega tengdir aðilar hjá útgefendum fjármálagerninga þar sem það á við.
- Samskipti og skýrslugjöf vegna regluvörslu Birtu.
- Fræðsla til starfsmanna og stjórnarmanna eftir því sem þörf krefur.



Leon Paul Suska, nemi í múraraíðni í Tækniskólanum.

SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

Birta lífeyrissjóður er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (*UN Principles of Responsible Investment*) og hefur verið allar götur frá því reglurnar voru fyrst settar árið 2006. Í því felst meðal annars að Birta horfir til umhverfislegra og félagslegra þátta við mat á fjárfestingum auk þess að horfa til þess hvort fyrirtæki, sem sjóðurinn fjárfestir í, hafi sett sér reglur um góða stjórnarhætti. Nánari umfjöllun um reglurnar má nálgast á vefnum unpri.org.

Hinn 1. júlí 2017 tóku gildi breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða, þar á meðal að lífeyrissjóðum sé skylt að setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Birta lífeyrissjóður hefur á þeim grunni sem fyrir er, meðal annars með aðild að reglum Sameinuðu þjóðanna, haldið áfram að móta siðferðisleg viðmið sín. Þannig kallar sjóðurinn nú eftir því hvort fyrirtæki sem fjárfest er í hafi sett sér stefnu um samfélagsábyrgð og leggur auk þess áherslu á að fyrirtæki, óháð stærð þeirra, tileinki sér ófjárhagslega upplýsingamiðlun.

Í eigendastefnu sjóðsins er að finna nánari útlistun á því hvernig Birta beitir áhrifum sínum sem virkur þátttakandi á innlendum verðbréfamarkaði. Eigendastefnuna má sjá í heild sinni á birta.is.

Samskipta- og siðareglur

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs samþykkti samskipta- og siðareglur fyrir sjóðinn 29. september 2017. Áður höfðu forverar Birtu, Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Stafir lífeyrissjóður, sett sér slíkar reglur sem staðfestar voru af stjórnnum beggja sjóða og höfðu verið endurskoðaðar reglulega. Reglurnar ramma inn samskipti stjórnar og starfsmanna við aðila á fjármagnsmarkaði.

Í nýju reglunum er að finna ákvæði þess efnis að starfsmenn og stjórnarmenn skulu halda utan um og vera reiðubúnir að gefa upplýsingar um gjafir og risnu sé eftir því kallað af hálfu innri eða ytri eftirlitsaðila sjóðsins.



Nokkrir útskriftarnemar í múrverki vorið 2019 og kennarar þeirra í Tækniskólanum. Frá vinstri: Nicola Alexander Pjevic, Hans Jakob Hilmarsson, Ívar Orri Guðmundsson, Guðmundur A. Ástráðsson, Trausti R. Einarsson kennari, Leon Paul Suska, Sandra Skuld Kolbeinsdóttir, Þráinn Óskarsson kennari, Höskuldur Geir Erlingsson, Friðgeir Óli Guðnason og Ingi Gunnar Þórðarson kennari.

STJÓRNHÁTTAYFIRLÝSING VEGNA ÁRSINS 2018

Birta lífeyrissjóður starfar samkvæmt samþykktum sem samþykktar eru á ársfundi og staðfestar af fjármálaráðuneytinu í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME) og starfsemi hans er starfsleyfisskyld. Birta varð til við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs og tók til starfa 1. desember 2016. Lífeyrissjóðir með fullgilt starfsleyfi eru skilgreindir sem eining tengd almannahagsmunum, sbr. staflið b í 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008, sbr. 14. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórnháttayfirlýsing Birtu lífeyrissjóðs byggist á þeim lögum og reglum sem um hann gilda og á 5. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefn-um af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Sjóðurinn fylgir reglunum að svo miklu leyti sem þær eiga við um starfsemi lífeyris-sjóða. Sjóðurinn leitast við að birta á heimasíðu sinni helstu reglur sem sjóðurinn fylgir en annars er vísað til heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Lög, reglur og leiðbeinandi viðmið

Lög, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli og reglur FME, sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða, má finna á heima-síðu Fjármálaeftirlitsins undir flípanum Réttarheimildir.

Samþykktir Birtu og leiðbeinandi viðmiðunarreglur, sem sjóðurinn fylgir, má finna á birta.is undir flípanum Um sjóðinn/stjórn. Þar má m.a. finna eigendastefnu og reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, einnig fjárfestingarstefnu og áhættustefnu Birtu.

Stjórn sjóðsins hefur sett sér starfsreglur, verklags-reglur um verðbréfavíðskipti stjórnar og starfsmanna, reglur um fjárfestingar og reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og eru þær hluti af innri reglum sjóðsins.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringarkerfa

Samkvæmt 8. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 ber stjórn lífeyrissjóðs m.a. að móta innra eftirlit lífeyris-sjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

Skv. reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunar-deildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða er innra eftirlit skilgreint sem

„... sérhver aðgerð af hálfu stjórnenda, stjórnar og starfsmanna til að stýra áhættu og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur fyrirtækis eða stofnunar. Stjórnendur undirbúa, skipuleggja og stjórna þeim aðgerðum sem þörf er á innan fyrirtækis eða stofnunar til að veita hæfilega vissu fyrir að settum markmiðum verði náð.“

Innra eftirlit sjóðsins birtist m.a. í verklagsreglum sjóðs-ins og innri ferlum sem gilda um alla þætti í starfsemi hans, þ.m.t. bókhald, iðgjöld, lífeyrir, veðskuldabréf, eignastýringu, rekstur og skjalastjórnun.

Regluvörður sjóðsins hefur eftirlit með viðskiptum stjórnarmanna og stjórnenda Birtu með fjármálagern-inga. Auk þess heldur hann utan um upplýsingar um eignarhald þeirra í félögum og trúnaðarstörf þeirra fyrir félög. Þrátt fyrir að húsnæðislán teljist ekki til hagsmunatengsla er stjórn sjóðsins upplýst um það ef slík lán eru í vanskilum.

Samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ber sjóðnum að starfrækja innri endurskoðunardeild eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innra eft-irlit. Sjóðurinn hefur samið við Helgu Harðardóttur hjá KPMG um að annast innri endurskoðun sjóðsins. Innri endurskoðandi vinnur í samræmi við samning um innri endurskoðun sem endurnýjaður var í ágúst 2017 og leggur fram innri endurskoðunaráætlun fyrir endur-skoðunarnefnd sjóðsins, sem hefur eftirlit með störfum innri endurskoðanda. Niðurstöður innri endurskoðunar eru kynntar fyrir endurskoðunarnefnd, stjórn og stjórn-endum sjóðsins. Nánar er kveðið á um hlutverk og eftirlitsskyldur innri endurskoðanda í reglum Fjármála-eftilitsins nr. 577/2012.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal ársreikningur sjóðsins vera endurskoðaður af löggiltum endurskoð-anda. Endurskoðandi sjóðsins er kjörinn á ársfundi eftir umsögn endurskoðunarnefndar. Á ársfundi 2018 var Kristinn F. Kristinsson hjá PwC endurkjörinn endurskoð-andi sjóðsins. Ársreikningur sjóðsins er endurskoðaður í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 79/2018 og alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Til staðar er ráðn-ingarbréf undirritað í ágúst 2017 þar sem skilgreind er ábyrgð og skyldur endurskoðanda og stjórnenda.

STJÓRNHÁTTAYFIRLÝSING VEGNA ÁRSINS 2018

Samskiptaáætlun endurskoðanda er lögð fyrir endurskoðunarnefnd til umfjöllunar.

Skv. 9. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 ber stjórn lífeyrissjóðs að setja áhættustefnu og móta eftirlitskerfi með áhættu sjóðsins.

Um áhættustýringu lífeyrissjóða gilda ákvæði laga og reglugerða, þ.m.t. reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Á grundvelli þessa hefur Birta sett sér áhættustefnu þar sem skilgreind er áhætta sem fylgir starfsemi og viðunandi mörk sett eftir því sem við á.

Nánar er fjallað um áhættustýringu sjóðsins á bls. 24 í ársskýrslu og í skýringu 19 í ársreikningi.

Upplýsingar um stefnu um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið

Vinnugildi sjóðsins eru heiðarleiki, fagmennska og ábyrgð og leggur sjóðurinn áherslu á að starfsmenn þekki þessi gildi og tileinki sér þau í störfum sínum. Óskagildi sjóðsins er traust og stjórn telur að sjóðurinn geti áunnið sér og viðhaldið því með vinnugildum.

Stjórn sjóðsins og starfsmenn gera sér ljósa þá ábyrgð sem því fylgir að hafa umsjón með fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Í ljósi þess hafa stjórn og starfsmenn sett sér sérstakar samskipta- og siðareglur sem ætlað er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum á fjármálamarkaði.

Birta lífeyrissjóður er aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (*e. Principles for Responsible Investment*). Það er mat stjórnar og stjórnenda Birtu að eðlilegt sé að byggja samfélagslega ábyrgð og siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sjóðsins á grunni þess sáttmála þar sem hann setur viðmið sem viðurkennd eru af alþjóðasamfélaginu að því er lýtur að umhverfislegum og félagslegum málefnum og góðum stjórnarháttum.

Í skýringu 20 í ársreikningi um ófjárhagslega upplýsingagjöf er að finna nánari upplýsingar um stjórnarhætti, umhverfis-, og félagsmál.

Samsetning og starfsemi stjórnar, endurskoðunarnefndar og fjárfestingarráðs

Um starfsemi stjórnar vísast einkum til laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sjá nánari umfjöllun á bls. 6 í ársskýr-

slu 2018.

Stjórn fundaði alls 15 sinnum á árinu 2018. Varasmenn voru boðaðir sex sinnum á fundi í forföllum aðalmanna.

Upplýsingar um einstaka stjórnarmenn má finna á birta.is.

Lögð var könnun fyrir stjórn í febrúar 2019 þar sem spurt var um stjórnarhætti. Helstu þættir í árangursmati voru hlutverk og ábyrgð stjórnar, stjórnarfundir, frammistaða framkvæmdastjóra, undirnefndir stjórnar, skilvirkni áhættustýringar, virkni stjórnar í stefnumótun og inntak siðareglna.

Fjárfestingaráð Birtu lífeyrissjóðs

Soffía Gunnarsdóttir, forstöðumaður eignastýringarsviðs.

Loftur Ólafsson eignastýring.

Stefán Birgisson eignastýring.

Áheyrnarfulltrúi: Eyrún Einarsdóttir áhættustjóri.

Meginhlutverk fjárfestingarráðs er að fjalla um þá þætti í starfsemi sjóðsins sem lúta að fjárfestingum. Fjárfestingarráð er skipað starfsfólki eignastýringar sjóðsins, auk þess sem áhættustjóri hefur þar seturétt. Ef áhættustjóri er mótfallinn fjárfestingu er tillagan send stjórn til ákvörðunar. Fjárfestingarráð fundaði alls 22 sinnum á árinu 2018.

Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar skal hún skipuð þremur mönnum og skal að minnsta kosti einn þeirra vera stjórnarmaður í sjóðnum. Stjórn sjóðsins skipar formann nefndarinnar og tvo aðra í kjölfar ársfundar, eigi síðar en mánuði eftir ársfund. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og a.m.k. einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður sjóðnum í skilningi laga um ársreikninga.

Nefndin fundaði alls 8 sinnum á árinu 2018.

Nefndir á grundvelli kjarasamnings ASÍ og SA 24. apríl 2018.

Á grundvelli kjarasamnings ASÍ og SA, dags. 24. apríl 2018 eru starfandi valnefndir launamanna og

STJÓRNHÁTTAYFIRLÝSING VEGNA ÁRSINS 2018

atvinnurekenda og nefnd um laun stjórnarmanna. Þá hefur fulltrúaráð launamanna á að skipa sérstakri kjörnefnd auk stjórnar fulltrúaráðs. Framangreindar nefndir eru hluti af stjórnskipan sjóðsins, á forræði aðila vinnumarkaðarins. Sjá nánar kaflann um stjórnskipan, bls. 40 í ársskýrslu.

Starfsreglur valnefndar launamanna og kjörnefndar má finna á birta.is.

Upplýsingar um framkvæmdastjóra sjóðsins og lýsing á helstu skyldum hans

Framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs er Ólafur Sigurðsson. Hann stjórnar daglegum rekstri sjóðsins í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda.

Nánari upplýsingar um framkvæmdastjóra má finna á birta.is.

Annað

Sjóðurinn hefur ekki gerst brotlegur við lög eða reglur á árinu 2018 skv. ákvörðun eða úrskurði eftirlitsaðila með starfsemi sjóðsins.

Samskipti sjóðsins við sjóðfélaga, sem varða ábendingar eða frávik, eru skráð og þeim er eftir atvikum vísað til stjórnar ef þess er sérstaklega óskað. Í samskipta- og siðareglum sjóðsins, sem aðgengilegar eru á birta.is, er jafnframt að finna leiðbeiningar um hvernig farið skuli með tilkynningar vegna brota á reglunum. Skal þeim beint til framkvæmdastjóra, regluvarðar og eftir atvikum formanns endurskoðunarnefndar. Einnig eru til staðar reglur um meðferð kvartana.



Friðrik Auðunn Jónsson, nemi í pípulögnum í Tækniskólanum.

Stjórnkerfi Birtu lífeyrissjóðs, líkt og annarra lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði, endurspeglar þá áherslu í kjarasamningum um lífeyrismál að rekstur og gæsla sjóðanna sé á sameiginlegri ábyrgð atvinnurekenda og launamanna. Stjórnir sjóðanna eru ávallt skipaðar fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda að jöfnu og fulltrúar þessara aðila skiptast á að hafa á hendi formennsku í stjórninni.

Fulltrúaráð Birtu lífeyrissjóðs hefur stigið skref í þá átt að auka gagnsæi í stjórnkerfi sjóðsins. Það byggist á hugmyndum aðila vinnumarkaðarins í tengslum við endurskoðun á kjarasamningi um lífeyrismál. Er þetta gert m.a. með skipan valnefndar launamanna og nefndar um laun stjórnarmanna en sú nefnd er á sameiginlegu forræði atvinnurekenda og launamanna. Fulltrúaráð launamanna hefur jafnframt á að skipa kjörnefnd og stjórn fulltrúaráðs.

Valnefnd

Í grein 5.8. í samþykktum Birtu lífeyrissjóðs segir að fulltrúaráð launamanna skuli skipa valnefnd sem hafi þann yfirlýsta tilgang að tryggja góða stjórnarhætti við stjórn sjóðsins og tryggja að stjórn sjóðsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málum um tilnefningu stjórnarmanna.

Valnefnd er fjögurra manna en að öðru leyti er kveðið á um skipan og starfsemi hennar í sérstökum starfsreglum sem fulltrúaráð launamanna samþykkir. Valnefnd launamanna var kjörin á fulltrúaráðsfundi launamanna 26. apríl 2017 til þriggja ára en hún fær það hlutverk að tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins sem fulltrúaráð greiðir atkvæði um á kjörfundi í aðdraganda ársfundar.

Á ársfundi 2019 liggur fyrir tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins í þá veru að fulltrúar atvinnurekenda skipi samskonar valnefnd sem hafi sambærilegt hlutverk við tilnefningu fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Nefnd um laun stjórnarmanna

Í grein 6.6 í samþykktum Birtu lífeyrissjóðs segir að nefnd um laun stjórnarmanna skuli undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn sjóðsins tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðsins.

Nefnd um laun stjórnarmanna er fjögurra manna, skipuð tveimur fulltrúum atvinnurekenda og tveimur fulltrúum launamanna. Hún var kjörin á aukaársfundum Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs 29. september 2016 til þriggja ára og kjörið staðfest á stofnfundi Birtu lífeyrissjóðs.

Á ársfundi 2019 liggur fyrir tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins í þá veru að formaður stjórnar sjóðsins á hverjum tíma hafi seturétt á fundum nefndarinnar. Er breytingin gerð í samræmi við efni kjarasamnings ASÍ og SA um stjórnskipan lífeyrissjóða, dags. 24. apríl 2018.

Kjörnefnd og stjórn fulltrúaráðs

Auk tveggja framangreindra nefnda hefur fulltrúaráð launamanna Birtu lífeyrissjóðs á að skipa sérstakri kjörnefnd auk stjórnar fulltrúaráðs. Samkvæmt grein 5.1 samþykta sjóðsins skulu fulltrúar launamanna kjörnir á sérstökum kjörfundi. Hlutverk kjörnefndar er að annast framkvæmd kosninga til stjórnar og úrskurða í mögulegum ágreiningsmálum er varða framkvæmdina.

Kjörnefnd er skipuð þremur fulltrúum til þriggja ára, kjör hennar var staðfest á kjörfundi launamanna 26. apríl 2017. Stjórn fulltrúaráðsins er á forræði og ábyrgð fulltrúaráðs, sem og aðrar nefndir fulltrúaráðs, þ.e. kjörnefnd, nefnd um laun stjórnarmanna og valnefnd. Stjórn fulltrúaráðsins og nefndirnar setja sérstakar starfsreglur sem staðfestar eru á kjörfundi.

1. gr. Markmið starfskjarastefnu

Starfskjarastefna Birtu lífeyrissjóðs er mótuð af stjórn og tekin fyrir á ársfundi í samræmi við gr. 5.7 og gr. 6.5 í samþykktum sjóðsins.

Stefnunni er ætlað að treysta markmið stjórnar um framúrskarandi þjónustu við sjóðfélaga og árangursríkan rekstur til langtíma.

Það er stefna stjórnar að bjóða á hverjum tíma samkeppnishæf starfskjör, sambærileg við það sem gerist í starfsumhverfi hans og í samræmi við umsvif, ábyrgð og árangur í starfi. Það er trú stjórnar að með því verði Birta lífeyrissjóður eftirsóknarverður starfsvettvangur framúrskarandi starfsmanna. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna og annarra starfsmanna lífeyrissjóðsins.

2. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skulu greidd laun í samræmi við ákvörðun ársfundar. Sérstök nefnd um laun stjórnarmanna skal skv. gr. 6.6 í samþykktum sjóðsins, undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs. Skulu fulltrúaráð skipa nefndina fjórum fulltrúum til þriggja ára. Skal vera jafnt hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni.

Lífeyrissjóðurinn greiðir ferðakostnað og dagpening vegna starfa stjórnarmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.

3. gr. Starfskjör framkvæmdastjóra

Starfskjör framkvæmdastjóra skulu ákvörðuð í ráðningarsamningi sem staðfestur er af stjórn sbr. 1. tl. 3. mgr. 29. gr. laga um lífeyrissjóði. Föst laun og aðrar greiðslur skulu vera sambærileg við það sem gerist í starfsumhverfi hans og í samræmi við umsvif, ábyrgð og árangur í starfi.

Í ráðningarsamningi skal tiltaka önnur starfskjör sem tíðkanleg eru í hliðstæðum störfum. Þar skal kveðið á um greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Starfskjör framkvæmdastjóra skal endurskoða

árlega. Við slíka endurskoðun skal höfð hliðsjón af frammistöðu, þróun launakjara á markaði og afkomu lífeyrissjóðsins.

Við gerð ráðningarsamnings framkvæmdastjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

4. gr. Starfskjör lykilstarfsmanna

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður lykilstarfsmenn og skal við slíkar ákvarðanir gæta samráðs við formann og varaformann stjórnar á hverjum tíma. Við ákvörðun starfskjara lykilstarfsmanna skal gætt sömu sjónarmiða og fram koma í 1. gr. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

5. gr. Aðrir starfsmenn

Við ákvörðun starfskjara annarra starfsmanna skal taka mið af ofangreindum reglum eftir því sem við á, að höfðu samráði við forstöðumann skrifstofu- og rekstrarsviðs.

6. gr. Árangurstengingar launa

Starfskjör starfsfólks Birtu eru ekki árangurstengd.

7. gr. Upplýsingagjöf

Í ársreikningi skal stjórn gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og þeirra lykilstarfsmanna sem falla undir ákvæði reglugerðar um ársreikninga lífeyrissjóða á hverjum tíma. Upplýsa skal um heildarfjárhæð greiddra launa á árinu og launa frá fyrra ári.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á birta.is.

8. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Partners Group Global Value	2,5%	817.647	3,9%	340.675	410.532
BlackRock Vesey Street Fund III	24,8%	(556.807)	4,5%	219.752	334.375
KKR Global Instrastr. Inv.	2,4%	127.841	(88,0%)	107.339	0
MS Div. Opportunities Fund	5,9%	95.868	4,4%	98.830	0
BlackRock Private Opportunity II	2,0%	(370.171)	7,3%	54.138	81.655
MS Credit Opportunity Fund				0	276.122
Alþjóða framtakssjóðurinn				0	28.296
Aðrir sjóðir undir 2% eignarhl.				1.825.711	1.218.648
				<u>9.938.094</u>	<u>8.399.684</u>

* Nettó fjárfesting samanstendur af heildarfjárfestingu að frádreginni sölu og arðgreiðslum. Nettó fjárfesting getur því orðið neikvæð ef heildarfjárfesting hefur öll skilað sér til baka.

** Ávöxtun er raunávöxtun á ársgrundvelli frá kaupdegi.

SKÝRINGAR

9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Innlendir óskráðir framtakssjóðir

	Eignarhluti	Nettó fjárf.*	Ávöxtun**	2018	2017
Auður I	10,9%	58.055	(0,3%)	75.135	199.655
Brú II	4,5%	253.800	(32,6%)	35.648	35.648
				<u>110.784</u>	<u>235.303</u>

Erlendir óskráðir fasteignasjóðir

Alþjóða fasteignasjóðurinn I	14,1%	155.011	(6,8%)	55.089	168.734
BlackRock Global Real Estate	2,6%	332.928	(33,0%)	232	208
				<u>55.321</u>	<u>168.942</u>

Innlendir óskráðir fasteignasjóðir

Gamma Upphaf	8,0%	131.983	15,0%	367.515	408.670
Gamma Agros	7,4%	200.000	21,3%	357.843	339.412
Fasteignauður II	25,0%	175.000	2,4%	205.450	175.000
				<u>930.808</u>	<u>923.081</u>

Erlendir marksjóðir

Erlendir óskráðir marksjóðir				<u>0</u>	<u>130</u>
				<u>0</u>	<u>130</u>

Erlendir óskráðir millilagslánasjóðir

WP Private Debt Partnership III	2,9%	266.103	(0,7%)	287.544	313.785
WP Mezzanine II GP LLC	3,1%	(44.947)	5,3%	162.981	175.537
WP Private Debt Co-Investm.	3,4%	77.550	(7,5%)	61.683	65.418
Carta Capital Mezzanine F.	18,7%	(112.299)	3,2%	69.652	66.054
Landsb. Mezzanine Fund II	18,7%	(100.627)	(0,4%)	6.590	9.972
Aðrir sjóðir undir 2% eignarhl.				8.100	7.472
				<u>596.549</u>	<u>638.238</u>

* Nettó fjárfesting samanstendur af heildarfjárfestingu að fráreginni sölu og arðgreiðslum. Nettó fjárfesting getur því orðið neikvæð ef heildarfjárfesting hefur öll skilað sér til baka.

** Ávöxtun er raunávöxtun á ársgrundvelli frá kaupdegi.

SKÝRINGAR

9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Skuldabréfasjóðir

	Eignarhluti	Nettó fjárf.*	Ávöxtun	2018	2017
Skráðir erlendir skuldabréfasjóðir					
UBS Lux Money Market USD	0,3%	804.690	(1,7%)	878.229	3.870.060
UBS Lux Money Market EUR	0,3%	886.060	(3,0%)	871.003	821.374
				<u>1.749.232</u>	<u>4.691.434</u>
Óskráðir erlendir skuldabréfasjóðir					
Oberon Credit Investment III	4,6%	1.357.955	3,5%	1.443.542	1.363.725
Oberon Credit Investment II	4,6%	748.043	(2,5%)	657.081	622.236
MS Credit Opportunity Fund	3,3%	325.716	7,2%	390.507	
				<u>2.491.130</u>	<u>1.985.961</u>
Innlendir skráðir skuldabréfasjóðir					
GAMMA Credit Fund	3,7%	255.038	3,5%	338.310	321.065
				<u>338.310</u>	<u>321.065</u>
Innlendir óskráðir skuldabréfasjóðir					
JR Veðskuldabréf I	9,5%	375.000	4,4%	450.615	423.084
Veðskuldabréfasjóður ÍV	9,3%	75.000	4,2%	100.536	92.534
Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing	16,7%	(641.741)	6,1%	100	100
Aðrir sjóðir undir 2% eignarhl.		11		11	14.006
				<u>551.262</u>	<u>529.724</u>
Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum samtals				<u>87.404.435</u>	<u>78.187.089</u>
Eignarhlutir í félögum og sjóðum				<u>145.512.643</u>	<u>138.031.208</u>

* Nettó fjárfesting samanstendur af heildarfjárfestingu að fráreginni sölu og arðgreiðslum. Nettó fjárfesting getur því orðið neikvæð ef heildarfjárfesting hefur öll skilað sér til baka.

** Ávöxtun er raunávöxtun á ársgrundvelli frá kaupdegi.

SKÝRINGAR

10. SKULDABRÉF

Skuldabréf metin á gangvirði	2018	2017
Ríkisbréf	13.998.796	15.534.036
Íbúðalánasjóður	17.751.926	20.635.483
Skuldabréf sveitarfélaga	4.631.676	4.810.753
Skuldabréf lánastofnana	6.975.254	7.630.784
Skuldabréf fyrirtækja	1.463.105	0
	<u>44.820.757</u>	<u>48.611.056</u>

Skuldabréf metin á afskrifuðu kostnaðarverði	2018	2017
Ríkisbréf	16.064.859	13.000.811
Íbúðalánasjóður	38.082.942	37.110.225
Önnur skuldabréf með ábyrgð ríkisins	3.341.133	3.347.485
Skuldabréf sveitarfélaga	11.777.392	10.773.386
Skuldabréf lánastofnana	4.402.064	2.842.085
Skuldabréf eignaleiga	1.404.741	777.695
Skuldabréf fyrirtækja	27.507.370	24.957.591
<i>Veðlán greinast þannig:</i>		
Sjóðfélagalán	33.128.629	22.797.081
Önnur veðlán	35.217.059	32.950.467
	<u>170.926.190</u>	<u>148.556.827</u>

Skuldabréf alls	<u>215.746.947</u>	<u>197.167.882</u>
------------------------	--------------------	--------------------

Gangvirði skuldabréfa sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði	<u>184.501.791</u>	<u>160.308.441</u>
--	--------------------	--------------------

Breyting á niðurfærslu skuldabréfa greinist þannig:

Niðurfærsla 1.1	4.740.081	6.496.003
Endanlega afskrifað á árinu	(1.038.069)	(2.142.735)
Breyting á niðurfærslu	134.173	386.814
Niðurfærsla 31.12	<u>3.836.185</u>	<u>4.740.081</u>

11. AÐRAR FJÁRFESTINGAR

	2018	2017
Fullnustueignir	0	150.000
Listaverk	13.140	14.060
	<u>13.140</u>	<u>164.060</u>

SKÝRINGAR

12. KRÖFUR

Kröfur á launagreiðendur greinast þannig:	2018	2017
Áætluð óinnheimt iðgjöld	1.306.015	1.417.037
Aðrar kröfur á launagreiðendur	989.701	711.527
	<u>2.295.716</u>	<u>2.128.564</u>

Aðrar kröfur greinast þannig:

Ófrágengin viðskipti	36.463	420.155
Ógreitt vegna sölu á fullnustueignum	1.650	9.575
Aðrar kröfur	22.009	40.984
	<u>60.121</u>	<u>470.715</u>

13. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

	Fasteign	Rekstrar- fjármunir
Árslok 2017		
Bókfært verð í ársbyrjun	143.956	20.873
Viðbót á árinu	0	25.716
Selt á árinu	(143.956)	0
Afskriftir	0	(10.931)
Bókfært verð í árslok	<u>0</u>	<u>35.659</u>

Bókfært verð í árslok 2017 greinist þannig:

Kostnaðarverð	0	109.474
Samansafnaðar afskriftir	0	(73.816)
Bókfært verð í árslok	<u>0</u>	<u>35.659</u>

Árslok 2018

Bókfært verð í ársbyrjun	0	35.659
Viðbót á árinu	0	2.478
Afskriftir	0	(7.605)
Bókfært verð í árslok	<u>0</u>	<u>30.532</u>

Bókfært verð í árslok 2018 greinist þannig:

Kostnaðarverð	0	66.499
Samansafnaðar afskriftir	0	(35.968)
Bókfært verð í árslok	<u>0</u>	<u>30.532</u>

SKÝRINGAR

14. ÁFALLINN KOSTNAÐUR OG FYRIRFRAMINNHEIMTAR TEKJUR

	2018	2017
Ógreiddur kostnaður	46.100	55.114
Ógreidd laun og launatengd gjöld	51.993	33.506
	<u>98.092</u>	<u>88.620</u>

15. AÐRAR SKULDIR

Ógreitt til stéttarféлага	369.562	347.540
Aðrar skuldir (inneign hjá samtryggingu)	386	(8.470)
	<u>369.948</u>	<u>339.070</u>

16. TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar sjóðsins er reiknuð í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Útreikningurinn er gerður af tryggingastærðfræðingi sem hefur til þess tilskilda staðfestingu frá Fjármálaeftirlitinu og starfar sjálfstætt utan sjóðsins. Helstu forsendur útreikninga miðast við ákvæði IV kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þar kemur m.a. fram að meta skuli dánar- og lífslíkur miðað við nýjustu dánar- og eftirlifendatöflur útgefnar af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. Í reglugerðinni kemur einnig fram að við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda skuli nota 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs. Forsendur eru óbreyttar milli ára.

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar	2018	2017
Eignir		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	564.193.336	506.056.792
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	506.056.792	460.976.231
Hækkun endurmetinnar eignar á árinu	<u>58.136.544</u>	<u>45.080.561</u>
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	586.841.278	524.107.042
Skuldbindingar í ársbyrjun	524.107.042	480.630.030
Hækkun skuldbindinga á árinu	<u>62.734.235</u>	<u>43.477.013</u>
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	<u>(4.597.691)</u>	<u>1.603.548</u>

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	344.434.996	323.633.417
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	23.842.421	17.251.204
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	15.518.195	13.749.847
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(10.606.538)	(9.508.017)
Hækkun vegna nýrra lífslíkatafna	2.507.683	0
(Lækkun) vegna annarra breytinga	(1.489.221)	(691.456)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	<u>374.207.535</u>	<u>344.434.996</u>

SKÝRINGAR

17. SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGS

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum eða sambærilegum samlagsfélögum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	2018	2017
Erlendir framtakssjóðir	8.935.779	5.278.480
Innlendir framtakssjóðir og samlagsfélög	3.034.673	3.424.772
Aðrir sjóðir	238.188	71.551
	<u>12.208.639</u>	<u>8.774.803</u>

18. FJÁRFESTINGAR

18.1 Flokkun fjárfestinga

Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skiptast í eftirfarandi flokka:

Fjárfestingar í árslok 2018	Fjárfestingar á gangvirði	Fjárfestingar á afskrifuðu kostnaðar- verði		Samtals	Gangvirði
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	145.512.644	0	145.512.644	145.512.644	
Skuldabréf	44.820.757	170.926.190	215.746.947	229.322.548	
Bundnar bankainnstæður	4.250.812	0	4.250.812	4.250.812	
Aðrar fjárfestingar	0	13.140	13.140	13.140	
Fjárfestingar samtals	<u>194.584.212</u>	<u>170.939.330</u>	<u>365.523.542</u>	<u>379.099.143</u>	

Fjárfestingar í árslok 2017	Fjárfestingar á gangvirði	Fjárfestingar á afskrifuðu kostnaðar- verði		Samtals	Gangvirði
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	138.031.208	0	138.031.208	138.031.208	
Skuldabréf	48.611.056	148.556.827	197.167.882	208.919.496	
Bundnar bankainnstæður	4.007.952	0	4.007.952	4.007.952	
Aðrar fjárfestingar	0	164.060	164.060	188.560	
Fjárfestingar samtals	<u>190.650.216</u>	<u>148.720.887</u>	<u>339.371.102</u>	<u>351.147.216</u>	

18. FJÁRFESTINGAR, FRH.

18.2 Fjármálagerningar á gangvirði

Gangvirði fjármálagernings er það viðskiptaverð sem greitt væri við kaup eða fengið væri við sölu í frjálsum viðskiptum milli markaðsaðila. Þegar markaðsverð liggur ekki fyrir notar sjóðurinn verðmatsaðferðir sem byggjast á mati og forsendum sem eru í samræmi við þær sem markaðsðilar myndu miða við í verðlagningu fjármálagerningsins. Í sumum tilfellum beitir sjóðurinn nálgun við mat á virði fjármálagerninga. Þessar nálganir eru útskýrðar nánar hér á eftir.

Í töflunum hér að neðan eru fjármálagerningar sem færðir eru á gangvirði flokkaðir í þrjú þrep sem endurspeglar hvaða gögn voru notuð við mat á virði þeirra.

Þrepin þrjú hafa verið skilgreind með eftirfarandi hætti:

Þrep 1: Skráð verð eigna sem átt er viðskipti með á skipulögðum verðbréfamörkuðum.

Þrep 2: Matsverð sem byggist á greinanlegu skráðu verði öðru en því sem tilgreint er í þrepi 1 annaðhvort beint eða óbeint (afleitt af verði).

Þrep 3: Matsverð eigna byggir á áreiðanlegum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

Eignir á gangvirði í árslok 2018	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Samtals
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	121.144.156	0	24.368.487	145.512.644
Skuldabréf	44.820.757	0	0	44.820.757
Bundnar bankainnstæður	4.250.812	0	0	4.250.812
	<u>170.215.725</u>	<u>0</u>	<u>24.368.487</u>	<u>194.584.212</u>

Eignir á gangvirði í árslok 2017	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Samtals
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	114.690.645	0	23.340.563	138.031.208
Skuldabréf	48.054.790	556.266	0	48.611.056
Bundnar bankainnstæður	4.007.952	0	0	4.007.952
	<u>166.753.387</u>	<u>556.266</u>	<u>23.340.563</u>	<u>190.650.216</u>

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING

Hlutverk stjórnar samkvæmt lögum er að hafa eftirlit með starfsemi sjóðsins. Liður í því eftirliti er samþykkt og innleiðing áhættustefnu. Á grundvelli hennar felur stjórn sjóðsins framkvæmdastjóra og áhættustjóra sjóðsins umsjón með framkvæmd stefunnar. Áhættustefna sjóðsins var yfirfarin á árinu 2018 og var uppfærð stefna samþykkt af stjórn 29.11.2018. Í skýringu þessari er miðað við stöðu samtryggingardeildar og útreikningar miðast við þá deild. Áhættuþættir í starfsemi séreignadeilda koma fram í skýringu 19.6.

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að áhættustefnan og framkvæmd hennar sé virkur þáttur í starfseminni. Stefnan byggir á ákvæðum laga og reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Auk þess er stuðst við tilmæli OECD/IOPS er varðar áhættustjórnkerfi lífeyrissjóða.

Í áhættustefnunni er skipulag sjóðsins skilgreint, mælt fyrir um hlutverk og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, tilgreindir þeir áhættuþættir sem sjóðurinn fylgist með sem og hvernig með þeim er fylgst. Jafnframt er í stefnunni yfirlit yfir helstu áhættuþætti. Við mótun áhættustefnu hefur stjórn sett fram áhættuvilja sinn og skilgreint hefur verið áhættuþol sjóðsins, eins og mögulegt er á mælanlegan hátt fyrir helstu áhættuþætti.

Áhætta í starfsemi sjóðsins er skilgreind, til samræmis við skilgreiningar í lögum og reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem lífeyrissjóðurinn skilgreinir. Meginmarkmið er að minnka líkur á skerðingu á réttindum sjóðfélaga til lengri tíma, ásamt því að móta fjárfestingastefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Megináhættuflokkar í starfsemi sjóðsins eru fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta), mótaðilaáhætta, lífeyristryggingaáhætta, lausafjárahætta og rekstraráhætta.

19.1 FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA

Fjárhagsleg áhætta eða markaðsáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafar beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna. Fjárhagslegri áhættu má skipta í a) vaxta- og endurfjárfestingaáhættu, b) uppgreiðsluáhættu, c) markaðsáhættu, d) gjaldmiðlaáhættu, e) ósamræmisáhættu, f) verðbólguáhættu, g) áhættu tengda eigna- og skuldbindingajöfnuði, h) áhættu vegna skuldbindinga utan efnahagsreiknings og i) fjárfestingaráhættu.

a) Vaxta- og endurfjárfestingaáhætta

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Ef vextir hækka getur það leitt til lækkunar á markaðsvirði bréfa auk þess sem taka þarf tillit til þess að áhætta er meiri eftir því sem bréfin eru til lengri tíma. Lækki vaxtakjör leiðir það til þess að langtímaávöxtun skuldabréfa lækkar þar sem nýjar fjárfestingar í skuldabréfum eiga sér stað á lækkaðri kröfu.

Hluti skuldabréfa sjóðsins er færður til bókar á gangvirði og hluti á upphaflegri ávöxtunarkröfu við kaup. Sá hluti sem færður er til bókar á gangvirði er næmur fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu á markaði. Á næstu síðu má sjá hvaða áhrif breytingar á ávöxtunarkröfu hafa á gangvirði skuldabréfa sem færð eru til bókar á gangvirði. Annars vegar er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra markaðsskuldabréfa lækki um 100 punkta og hins vegar að ávöxtunarkrafa hækki um 100 punkta. 100 punkta breyting samsvarar eins prósentustigs breytingu á ávöxtunarkröfu.

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris:	31.12.2018	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2017
Breyting á ávöxtunarkröfu	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun
Skuldabréf færð á gangvirði	3.078.866	(2.502.035)	2.839.911	(2.421.652)
Samtals gangvirðisbreyting	3.078.866	(2.502.035)	2.839.911	(2.421.652)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	357.229.217	357.229.217	334.321.422	334.321.422
Breyting á hreinni eign	3.078.866	(2.502.035)	2.839.911	(2.421.652)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	360.308.083	354.727.182	337.161.333	331.899.770

b) Uppgreiðsluáhætta

Hættan á að skuldabréf með föstum vöxtum verði greidd upp fyrir gjalddaga og að lífeyrissjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem stefnt er að. Samkvæmt reglum sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) hefur gefið út er uppgreiðsluáhætta skilgreind sem líkur á að uppgreiðslur vaxi eftir því sem munur á vöxtum skuldabréfa og markaðsvöxtum er meiri.

c) Markaðsáhætta

Hætta á lækkun á markaðsvirði verðbréfa, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða. Mælikvarði á markaðsáhættu slíkra verðbréfa er jafnan flökt ávöxtunar verðbréfa, reiknað sem frávik ávöxtunar. Fjárhæð í húfi (VaR, e. Value at Risk) er notuð til að meta líkur á hámarkstapi sem getur orðið vegna breytinga á markaðsvirði eigna miðað við 99,5% og 95% líkur, þ.e. 0,5% og 5% líkur á tapi vegna breytinga á markaðsvirði eigna og skuldbindinga byggt á sögulegum gögnum um flökt og vænta raunávöxtun. Staðalfrávik er notað til að meta flökt/sveiflur eignasafna.

Samdreifni (e. covariance) milli eignaflokka er metin sem hluti af markaðsáhættu sjóðsins. Samdreifni og samval eigna með mismunandi fylgni stuðlar að aukinni áhættudreifingu.

Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir	Fjárhæð 31.12.2018	Fjárhæð 31.12.2017	Hlutfall af eignum 31.12.2018	Hlutfall af eignum 31.12.2017
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	44.268.365	47.526.389	12,4%	14,2%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	77.308.664	71.316.951	21,6%	21,3%
	121.577.030	118.843.340	34,0%	35,5%

SKÝRINGAR

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir sjóðsins og tryggingafræðilega stöðu er sýnd hér að neðan. Tekið skal fram að 5% og 10% hækkun á gangvirði hefur sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris	31.12.2018	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2017
Breyting á gangvirði	(5,0%)	(10,0%)	(5,0%)	(10,0%)
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	(2.213.418)	(4.426.837)	(2.376.319)	(4.752.639)
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	(3.865.433)	(7.730.866)	(3.565.848)	(7.131.695)
Samtals gangvirðisbreyting	(6.078.851)	(12.157.703)	(5.942.167)	(11.884.334)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	357.229.217	357.229.217	334.321.422	334.321.422
Breyting á hreinni eign	(6.078.851)	(12.157.703)	(5.942.167)	(11.884.334)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	351.150.366	345.071.514	328.379.255	322.437.088

Áhrif á tryggingafræðilega stöðu	31.12.2018	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2017
Breyting á gangvirði	5%	10%	5%	10%
Áhrif vegna innlendra hlutabréfa og hlutabréfasjóða	(0,4%)	(0,8%)	(0,5%)	(0,9%)
Áhrif vegna erlendra hlutabréfa og hlutabréfasjóða	(0,7%)	(1,3%)	(0,7%)	(1,4%)
Samtals gangvirðisbreyting	(1,0%)	(2,1%)	(1,1%)	(2,3%)
Tryggingafræðileg staða	(3,9%)	(3,9%)	(3,4%)	(3,4%)
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu	(1,0%)	(2,1%)	(1,1%)	(2,3%)
Tryggingafræðileg staða eftir breytt gangvirði	(4,9%)	(5,9%)	(4,6%)	(5,7%)

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

d) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta sjóðsins felst í hættu á að breytingar á gengi gjaldmiðla (styrking ISK) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Þá er áhættan helst fólgin í gengisflökti ISK gagnvart öðrum myntum og samdreifni milli þeirra. Lífeyrissjóðurinn skal takmarka gjaldmiðlaáhættu sína með því að tryggja að lágmarki 50% af heildareignum sjóðsins séu í sama gjaldmiðli og skuldbindingar hans.

Meirihluti eigna sjóðsins er í íslenskum krónum en 28,5% er í erlendum fjáreignum. Hér á eftir eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur sjóðsins. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til meðalgengis Seðlabanka Íslands en eignir í árslok eru tilgreindar á miðgengi Seðlabanka Íslands.

Mynt	Árslokagengi		Meðalgengi		Ársflökt 2018
	2018	2017	2018	2017	
USD	116,33	104,42	108,37	107,06	11,11%
EUR	133,23	125,05	127,72	120,5	8,39%
DKK	17,84	16,80	17,14	16,20	8,38%
GBP	148,33	140,98	144,34	137,61	10,5%

Skipting eigna eftir myntum Mynt	Fjárhæð 2018	Fjárhæð 2017	Hlutfall af 2018	Hlutfall af 2017
EUR	29.315.948	27.322.665	8,2%	8,2%
DKK	4.376.330	5.265.809	1,2%	1,6%
GBP	730.754	709.548	0,2%	0,2%
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	2.859.047	3.349.078	0,8%	1,0%
	101.969.524	93.932.143	28,5%	28,1%

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan eru sýnd hvaða áhrif 5% og 10% styrking á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á gangvirði eigna í erlendri mynt, hreina eign til greiðslu lífeyris og tryggingafræðilega stöðu miðað við stöðu eigna í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. 5% og 10% veiking á gengi íslensku krónunnar hefði öfug áhrif.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris	31.12.2018	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2017
Styrking á gengi íslensku krónunnar	5%	10%	5%	10%
USD	(3.234.372)	(6.468.745)	(2.864.252)	(5.728.504)
EUR	(1.465.797)	(2.931.595)	(1.366.133)	(2.732.267)
DKK	(218.817)	(437.633)	(263.290)	(526.581)
GBP	(36.538)	(73.075)	(35.477)	(70.955)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	(142.952)	(285.905)	(167.454)	(334.908)
Samtals gangvirðisbreyting	(5.098.476)	(10.196.952)	(4.696.607)	(9.393.214)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	357.229.217	357.229.217	334.321.422	334.321.422
Breyting á hreinni eign	(5.098.476)	(10.196.952)	(4.696.607)	(9.393.214)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	352.130.741	347.032.265	329.624.815	324.928.208

SKÝRINGAR

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

Áhrif á tryggingafræðilega stöðu	31.12.2018	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2017
Styrking á gengi íslensku krónunnar	5%	10%	5%	10%
USD	(0,6%)	(1,1%)	(0,5%)	(1,1%)
EUR	(0,3%)	(0,5%)	(0,3%)	(0,5%)
DKK	(0,0%)	(0,1%)	(0,1%)	(0,1%)
GPB	(0,0%)	(0,0%)	(0,0%)	(0,0%)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	(0,0%)	(0,1%)	(0,0%)	(0,1%)
Samtals	(0,9%)	(1,7%)	(0,9%)	(1,8%)
Tryggingafræðileg staða	(3,9%)	(3,9%)	(3,4%)	(3,4%)
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu	(0,9%)	(1,7%)	(0,9%)	(1,8%)
Tryggingafræðileg staða eftir breytt gangvirði	(4,7%)	(5,6%)	(4,3%)	(5,2%)

e) Ósamræmisáhætta

Ósamræmisáhætta vísar til ósamræmis í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og virði skuldbindinga hins vegar. Dæmi um áhættuþátt er verðtrygging. Lífeyrisréttindi eru verðtryggðar skuldbindingar en eignasafn er sjaldnast verðtryggt að fullu. Ýmsar eignir hafa þó eiginleika óbeinnar verðtryggingar. Álagspróf eða næmnipróf eru dæmigerð próf fyrir ósamræmi eigna og skuldbindinga þar sem leitast er við að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem eru sameiginlegir í báðum tilvikum.

f) Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú hættu að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingar umfram raunávöxtun eigna. Verðbólguáhætta er viðvarandi í rekstri sjóðsins þar sem skuldbindingar eru að fullu verðtryggðar en eignasafnið er hins vegar að hluta verðtryggt.

	Fjárhæð	Fjárhæð	Hlutfall af eignum	Hlutfall af eignum
Verðtryggðar eignir	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	56.585.409	58.213.526	15,8%	17,4%
Útlán til sjóðfélaga og annarra	61.635.527	52.739.288	17,3%	15,8%
Önnur skuldabréf	50.394.614	42.590.853	14,1%	12,7%
Verðtryggð innlán	644.424	611.251	0,2%	0,2%
	169.259.973	154.154.917	47,4%	46,1%

g) Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði

Hætta á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar.

19. ÁHÆTTUPÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

19.2 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar. Með mótaðilaáhættu er átt við að útgefendur verðbréfa svo sem lántakendur eða fyrirtæki, verði gjaldþrota eða hæfi mótaðilans til greiðslu versni verulega. Mótaðilaáhættu má skipta í útlánaáhættu, samþjöppunaráhættu, landsáhættu, afhendingaráhættu og uppgjörsáhættu.

Útlánaáhætta er hættan á greiðslufalli skuldara og tapi sem af því getur orðið. Skuldaraáhætta er mæld með gjaldþolsprófi eða lánshæfismati. Aldursgreining vanskila og breyting á tryggingahlutföllum eru önnur dæmi um mat á útlánaáhættu. Útlánaáhætta tengd sjóðfélagalánum getur til að mynda falist í því að mótaðili viðhaldi ekki veðandlagi eða rýri það með aðgerðaleyfi. Þá kann verðlækkun fasteigna að leiða til aukinnar útlánaáhættu, svo dæmi sé tekin af greiningu á útlánaáhættu.

Þeir mótaðilar sjóðsins sem hafa opinbera lánshæfiseinkunn eru m.a. ríkissjóður og Íbúðalánasjóður. Ríkissjóður er með einkunnirnar A3/A/A (Moody's/Standard & Poor's/Fitch) þegar kemur að langtímaskuldbindingum í innlendri mynt.

Útlánaáhætta, lánshæfismat miðast við 31.12.2018

	Fjárhæð 31.12.2018	Fjárhæð 31.12.2017	Hlutfall af 31.12.2018	Hlutfall af 31.12.2017
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, lánshæfismat S&P A	78.086.072	77.943.431	21,9%	23,3%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, önnur	6.617.569	7.112.740	1,9%	2,1%
Útlán til sjóðfélaga	33.208.870	22.895.148	9,3%	6,8%
Önnur veðlán	34.150.685	31.866.834	9,6%	9,5%
Önnur skuldabréf	59.073.518	54.075.644	15,6%	16,2%
Varúðarniðurfærsla veðskuldabréfa	(3.836.185)	(4.740.081)	(1,1%)	(1,4%)
Samtals	207.300.529	189.153.716	57,0%	56,6%

Vanskilatöflur

	Fjárhæð 31.12.2018	Fjárhæð 31.12.2017	Hlutfall 31.12.2018	Hlutfall 31.12.2017
90 daga vanskil				
Útlán til sjóðfélaga	13.380	8.967	0,04%	0,05%
Önnur útlán	12.608	9.852	0,04%	0,04%
Önnur skuldabréf	9	19.007	0,00%	0,01%

Varúðarniðurfærsla vegna útlána og skuldabréfa

Í árslok 2018	(3.836.185)
Í árslok 2017	(4.740.081)
Lækkun niðurfærslu	903.896

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

19.3 Lífeyrstryggingaráhætta

Lífeyrstryggingaráhætta er hættan á því að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutiðni auk forsenda um vexti og verðbólgu. Lífeyrstryggingaráhættu má skipta í skerðingaráhættu, iðgjaldaáhættu, hagræna áhættu, lýðfræðilega áhættu og réttindaflutningsáhættu. Til þess að meta lífeyrstryggingaráhættu er m.a. horft á hlutfall lífeyris á á móti iðgjöldum, aldursamsetningu sjóðfélaga og fleira.

Með því að framkvæma tölfræðilegar hermanir (e. simulation) á eignum og skuldbindingum sjóðsins miðað við mismunandi forsendur er hægt að meta líkur á að sjóðurinn þurfi að breyta réttindum, sbr. nánari ákvæði laga og samþykka sjóðsins.

Álagspróf

Sjóðurinn framkvæmir reglulega álagspróf, næmnigreiningar og athuganir á viðnámsprótti eftir því sem við á. Markmið með framkvæmd álagsprófsins er að meta hvort tryggingafræðileg staða sjóðsins verði undir -10% miðað við mismunandi álagsþætti. Þetta er gert þar sem að í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef heildartryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar, leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga er skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Með sama hætti þarf að gera breytingar á samþykktum ef munurinn hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár.

	Breyting trygginga- fræðilegrar stöðu 2018	Trygginga- fræðileg staða 2018	Breyting trygginga- fræðilegrar stöðu 2017	Trygginga- fræðileg staða 2017
Niðurstöður álagsprófs:				
Staða		(3,9%)		(3,4%)
Tryggingafræðileg krafa lækkuð úr 3,5% í 3,0%	(7,9%)	(11,8%)	(7,8%)	(11,2%)
Líftölur hliðrast um 2 ár	(6,2%)	(10,0%)	(5,7%)	(9,1%)
Örorkulíkur auknar um 10%	(0,4%)	(4,3%)	(0,6%)	(4,0%)
Vísitala neysliverðs hækkun um 0,5%	(0,3%)	(4,2%)	(0,4%)	(3,8%)
Gengisvísitala lækkar um 10%	(1,7%)	(5,6%)	(1,7%)	(5,1%)
Fasteignaveðtryggð skuldabréf lækka um 10%	(1,1%)	(5,0%)	(0,9%)	(4,4%)
Markaðsskuldbréf lækka um 10%	(2,4%)	(6,2%)	(2,4%)	(5,9%)
Erlend hlutabréf lækka um 10%	(1,4%)	(5,2%)	(1,3%)	(4,7%)
Innlend hlutabréf lækka um 10%	(0,7%)	(4,6%)	(0,7%)	(4,1%)

19.4 Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á að sjóðurinn hafi ekki yfir nægu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði. Skipta má lausafjánhættu í seljanleikaáhættu og útstreymisáhættu.

Seljanleikaáhættan lýtur að áhættunni á því að ekki sé unnt að selja verðbréf eða innleysa fjármálagerninga á nógu skömmum tíma, nema undir matsvirði, til að mæta greiðslu á skuldbindingum. Útstreymisáhætta vísar hins vegar til hættunnar á að eignir renni hraðar úr sjóðnum en ráð var fyrir gert.

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

Hlutfall innlána, skuldabréfa með ábyrgð ríkissjóðs og skráðra verðbréfa af eignum

	2018	2017
Innlán	1,5%	2,1%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	23,7%	25,4%
Innlend skráð hlutabréf	9,9%	10,8%
Skráð skuldabréf sveitarfélaga, lánastofnana og fyrirtækja	7,6%	7,5%
Erlend skráð hlutabréf	3,4%	3,8%
Erlend skráð hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (lög nr. 30/2003)	19,1%	18,2%
	65,3%	67,9%

Til að lágmarka útstreymisáhættu er fylgst með útstreymi greidds lífeyris og innstreymi iðgjalda og afborgana/arðgreiðslna af verðbréfum. Ef hlutfallið er lægra en 100% þýðir það að meira innstreymi er af iðgjöldum til sjóðsins heldur en sjóðurinn greiðir út af lífeyri, þ.e. nettó innstreymi fjármagns til sjóðsins.

Hlutfall lífeyris af iðgjöldum

	2018	2017
Lífeyrir	10.606.538	9.611.128
Iðgjöld	16.505.959	14.672.684
Lífeyrisbyrði	64,3%	65,5%

19.5 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Skipta má rekstraráhættu í starfsmannaáhættu, svikemisáhættu, áhættu vegna upplýsingatækni, orðsporsáhættu, pólitíska áhættu, úrskurðaráhættu lífeyris, áhættu vegna útivistunar, upplýsingaáhættu, áhættu vegna stjórnarháttu og skjalaáhættu.

Einn mikilvægasti þáttur í starfsemi Birtu er skipulag starfseminnar sem byggir á skilvirkum reglum, verklagsreglum og ferlum. Til að lágmarka rekstraráhættu þarf innra verklag að innifela eftirlitsaðgerðir sem eiga að vera óaðskiljanlegur hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Mikilvægt er að starfsmenn og stjórnendur séu vel upplýstir um tilvist reglna og ferla sjóðsins og að þeim sé markvisst fylgt eftir.

Undir rekstraráhættu flokkast jafnframt pólitísk áhætta, en hún er skilgreind sem áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðs, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Hér undir falla einnig breytingar á lögum eða reglum um starfseminna eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjorsreglum, skattalögum, lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, eftirliti og eftirlitsreglum, heimildum til fjárfestinga og fleiri þátta.

SKÝRINGAR

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

19.6 Áhættuþættir séreignaleiða

a) Vaxta- og endurfjárfestingaáhætta

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Ef vextir hækka getur það leitt til lækkunar á markaðsvirði bréfa auk þess sem taka þarf tillit til þess að áhætta er meiri eftir því sem bréfin eru til lengri tíma. Lækki vaxtakjör leiðir það til þess að langtímaávöxtun skuldabréfa lækkar þar sem nýjar fjárfestingar í skuldabréfum eiga sér stað á lækkaðri kröfu.

Skuldabréf séreignaleiða eru færð á gangvirði. Bréf sem eru færð til bókar á gangvirði eru næm fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu á markaði, hér að neðan má sjá hvaða áhrif breytingar á ávöxtunarkröfu hafa á gangvirði skuldabréfa. Annars vegar er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra markaðsskuldabréfa lækki um 100 punkta og hins vegar að ávöxtunarkrafa hækki um 100 punkta. 100 punkta breyting samsvarar eins prósentustigs breytingu á ávöxtunarkröfu. Áhrifin eru metin fyrir Skuldabréfaleið og Blandaða leið séreignaleiða, en ekki fyrir Innlánsleið og Tilgreinda séreign.

	Skuldabréfaleið		Blönduð leið	
	31.12.2018	31.12.2018	31.12.2018	31.12.2018
Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris				
	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun
Breyting á ávöxtunarkröfu				
Skuldabréf færð á gangvirði	687.295	(340.415)	185.360	(156.562)
Samtals gangvirðisbreyting	687.295	(340.415)	185.360	(156.562)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	6.923.413	6.923.413	4.168.000	4.168.000
Breyting á hreinni eign	687.295	(340.415)	185.360	(156.562)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	7.610.708	6.582.998	4.353.360	4.011.438

b) Markaðsáhætta

Hætta á lækkun á markaðsvirði verðbréfa, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða. Mælikvarði á markaðsáhattu slíkra verðbréfa er jafnan flökt ávöxtunar verðbréfa, reiknað sem frávik ávöxtunar. Fjárhæð í húfi (VaR, e. Value at Risk) er notuð til að meta líkur á hámarkstapi sem getur orðið vegna breytinga á markaðsvirði eigna m.v. 99,5% og 95% líkur, þ.e. 0,5% og 5% líkur á tapi vegna breytinga á markaðsvirði eigna og skuldbindinga byggt á sögulegum gögnum um flökt og vænta raunávöxtun. Staðalfrávik er notað til að meta flökt/sveiflur eignasafna.

Samdreifni (e. covariance) milli eignaflokka er metin sem hluti af markaðsáhattu sjóðsins. Samdreifni og samval eigna með mismunandi fylgni stuðlar að aukinni áhættudreifingu. Áhrifin eru metin fyrir Skuldabréfaleið og Blandaða leið séreignaleiða og Tilgreinda séreign, en ekki fyrir Innlánsleið.

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir séreignaleiða 31.12.2018	Fjárhæð	Fjárhæð	Hlutfall af eignum	Hlutfall af eignum
	Skuldabréfaleið	Blönduð leið	Skuldabréfaleið	Blönduð leið
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	258	555.193	0,0%	13,3%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	0	1.680.969	0,0%	40,3%
Samtals	258	2.236.161	0,0%	53,7%

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir sjóðsins. Tekið skal fram að 5% og 10% hækkun á gangvirði hefur sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris Breyting á gangvirði	Skuldabréfaleið		Blönduð leið	
	31.12.2018 (5%)	31.12.2018 (10%)	31.12.2018 (5%)	31.12.2018 (10%)
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	(0.13)	(0.26)	(27.760)	(55.519)
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	0	0	(84.048)	(168.097)
Samtals gangvirðisbreyting	(0.13)	(0.26)	(111.808)	(223.616)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	6.923.413	6.923.413	4.168.000	4.168.000
Breyting á hreinni eign	(0.13)	(0.26)	(111.808)	(223.616)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	6.923.400	6.923.387	4.056.192	3.944.384

Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir séreignaleiða 31.12.2018	Fjárhæð	Hlutfall af eignum
	Tilgreind séreign	Tilgreind séreign
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	169.285	40,5%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	108.604	26,0%
Samtals	277.889	66,5%

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir sjóðsins. Tekið skal fram að 5% og 10% hækkun á gangvirði hefur sömu áhrif en í gagnstæða átt.

SKÝRINGAR

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris Breyting á gangvirði	Tilgreind séreign	
	31.12.2018 (5%)	31.12.2018 (10%)
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	(8.464)	(16.929)
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	(5.430)	(10.860)
Samtals gangvirðisbreyting	(13.894)	(27.789)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	417.723	417.723
Breyting á hreinni eign	(13.894)	(27.789)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	403.829	389.934

c) Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú hætta að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun eigna. Verðbólguáhætta er viðvarandi í rekstri sjóðsins.

Verðtryggðar eignir séreignaleiða 31.12.2018

	Fjárhæð Innlánsleið	Fjárhæð Skuldabréfa- leið	Fjárhæð Blönduð leið	Fjárhæð Tilgreind séreign
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	0	3.425.398	1.110.618	49.056
Önnur veðlán	0	1.207.858	107.196	0
Önnur skuldabréf	0	1.940.902	654.445	31.557
Verðtryggð innlán	3.606.388	0	0	0
Samtals	3.606.388	6.574.158	1.872.259	80.612

	Hlutfall af eignum Innlánsleið	Hlutfall af eignum Skuldabréfa- leið	Hlutfall af eignum Blönduð leið	Hlutfall af eignum Tilgreind séreign
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	0,0%	49,5%	26,6%	11,7%
Önnur veðlán	0,0%	17,4%	2,6%	0,0%
Önnur skuldabréf	0,0%	28,0%	15,7%	7,6%
Verðtryggð innlán	99,8%	0,0%	0,0%	0,0%
Samtals	99,8%	95,0%	44,9%	19,3%

20. ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF - ÓENDURSKOÐAÐ

20.1 STJÓRNARHÆTTIR

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs hefur með stjórnháttaryfirlýsingu einsett sér að starfsemi sjóðsins verði í samræmi við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti á hverjum tíma. Neðangreindum þáttum er ætlað að gera sjóðnum mögulegt að mæla árangur af framfylgni með stjórnarháttum og eru þeir tilgreindir í samræmi við mat stjórnar og stjórnenda á helstu áhættuþáttum sem tengjast stjórnarháttum í starfseminni.

b) Fjárfestingar í innviðum og þjónustu samfélagsins

Birta lífeyrissjóður kemur að margvíslegum samfélagsverkefnum með ýmsum hætti. Sjóðurinn er aðili að Landssamtökum lífeyrissjóða sem gæta hagsmuna sjóðfélaga og lífeyrissjóða ásamt því að vera málsvari gagnvart stjórnvöldum og öðrum varðandi lífeyrismál og hagsmuni tengda þeim.

Á árinu 2017 voru samtök um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi (IcelandSIF) stofnað og var Birta lífeyrissjóður meðal 23 stofnfélaga samtakanna. Tilgangur samtakanna er að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um aðferðarfræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga.

Fjármálavit er námsefni fyrir nemendur á efsta stigi grunnskóla á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða og Samtaka fjármálafyrirtækja. Á árinu 2018 tóku 2 starfsmenn/7% starfsmanna sjóðsins þátt í verkefninu. Markmiðið með fjármálafræðslunni er að stuðla að auknu fjármálalæsi ungs fólks svo það sé betur í stakk búið að taka ákvarðanir í framtíðinni um fjármál.

Birta lífeyrissjóður hefur samið til þriggja ára við Skógræktina um gróðursetningu og skógrækt á alls þremur hekturum lands í Haukadal sem hluta af Grænum sporum Birtu, sjá skýringu 20.2 a). Markmiðið er að kolefnisjafna starfsemi lífeyrissjóðsins sjálfs, stjórnarmanna, stjórnenda og annars starfsfólks. Þannig tekur Birta ábyrgð á afleiðingum eigin reksturs fyrir náttúruna, stuðlar að því að draga úr koldíoxíði í andrúmslofti og binda jarðveg á gróðursnaudu svæði. Kolefnisbinding og kolefnisforði í trjám, botngróðri og jarðvegi í Haukadal verður eign Birtu til ársins 2068.

c) Óbein efnahagsleg áhrif og umfang þeirra

Stjórn og starfsmenn telja að Birta lífeyrissjóður hafi jákvæð áhrif á sitt nánast umhverfi og að viðskipti sjóðsins stuðli að skilvirkari fjármálamarkaði. Að fjárfestingar sjóðsins í atvinnulífina stuðli að skilvirkari samfélagi og uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífi landsins með arðbærum hætti. Að kaup sjóðsins og skuldabréfum, bæði af fyrirtækjum og sjóðfélögum leiði til skilvirkari og samkeppnishæfari fjármálastarfsemi á Íslandi. Að uppbygging sparnaðar til að mæta framtíðar lífeyrisskuldbindingum sé til hagsbóta fyrir samfélagið og stuðli að jákvæðum efnahagslegum áhrifum.

d) Greining á spillingaráhættu

Til að sjóðurinn sinni hlutverki sínu sem best hefur stjórn Birtu sett samskipta- og siðareglur til að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum. Einnig eru til staðar reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka samþykktar af stjórn.

Hjá sjóðnum er starfandi regluvörður og áhættustjóri sem sinna eftirliti með spillingaráhættu og fylgni við framangreindar reglur.

Samskipta- og siðareglur sjóðsins eru kynntar starfsmönnum við ráðningu en þær taka meðal annars á hvað teljist góðir starfshættir, hagsmunaárekstrum, meðferð trúnaðarupplýsinga, samfélagslega ábyrgð, starfstengdum ferðum og boðsferðum, gjöfum, öðrum störfum og tilkynningu brota á samskipta- og siðareglum. Reglurnar má finna á heimasíðu sjóðsins, birta.is.

e) Upplýsingamiðlun og þjálfun í ferlum og stefnum sem varða spillingu

Á árinu 2018 var fræðsla tengd reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka til að auka vitund meðal starfsmanna til hvaða ráðstafana skuli grípa þegar grunur vaknar um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Ríkar kröfur eru gerðar til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins og er kveðið um hæfisskilyrði þeirra í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Allir stjórnarmenn sjóðsins sem og framkvæmdastjóri hafa verið metnir hæfir af Fjármálaeftirlitinu.

20. ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF - ÓENDURSKOÐAÐ, FRH.

f) Kjarasamningar

Þann 21. janúar 2016 skrifuðu Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands undir kjarasamning. Gildistími samningsins var til loka árs 2018.

Samkomulag ASÍ og SA kveður á um hækkun launa um 3% frá og með maímánuði 2018 auk hækkunar mótframlags launagreiðenda í lífeyrissjóð í áföngum úr 8% í 11,5% á árunum 2016 til 2018. Þar er jafnframt kveðið á um að hver og einn sjóðfélagi geti valið um hvort iðgjaldahækkunin fari í samtryggingardeild eða í séreignarsjóð sem tilgreind séreign.

g) Launahlutfall framkvæmdastjóra	2018	2017
Launahlutfall framkvæmdastjóra	2,7:1	2,8:1

Launahlutfall framkvæmdastjóra er reiknað sem hlutfall af miðgildi launa allra starfsmanna.

20.2 UMHVERFISÞÆTTIR

Birta lífeyrissjóður hefur sett sér umhverfisstefnu sem er aðgengileg á vef sjóðsins og gerð er grein fyrir henni í ársskýrslu. Neðangreindum umhverfisþáttum er ætlað að gera sjóðnum mögulegt að mæla árangur af aðgerðum í umhverfismálum og eru þeir tilgreindir í samræmi við mat stjórnar og stjórnenda á helstu áhættuþáttum sem tengjast umhverfisþáttum í starfseminni.

a) Umhverfisstefna og Græn spor Birtu

Birta lífeyrissjóður lætur sig umhverfismál miklu skipta og hefur einsett sér að taka græn skref í starfsemi sinni. Hjá sjóðnum er til staðar umhverfisstefna og er tilgangur hennar að efla þekkingu á umhverfisáhrifum starfseminnar og leitast við að draga úr þeim. Umhverfisvitund endurspeglast í rekstri sjóðsins, stjórnun, ákvarðanatöku og daglegum störfum ásamt því að draga úr kostnaði. Unnið er að því að undirbúa grænt bókhald og rýna starfsemi sjóðsins með hliðsjón af kerfinu Grænum skrefum í ríkisrekstri.

Markmið umhverfisstefnunnar eru eftirfarandi:

- Auka vægi stafrænnar þjónustu án þess að dregið verði úr þjónustustigi.
- Fara sparlega með orku, notast við vistvænar lausnir og lágmarka óþarfa orkunotkun.
- Minnka sóun, flokka úrgang, endurvinna og draga úr notkun aðfanga eins og kostur er.
- Reka kolefnishlutlausu starfsemi með því að minnka kolefnisfótspor og kolefnisbinda í gróðri.
- Vistvæn innkaup á vörum og þjónustu og draga úr notkun einnota aðfanga.
- Grænt bókhald þar sem hægt er að draga fram upplýsingar um umhverfisáhrif af starfsemi sjóðsins.

b) Bein orkunotkun eftir orkutegund

Sjóðurinn hefur ekki tök á því að fá fullnægjandi upplýsingar um rafmagns- og heitavatnsnotkun þar sem orkukostnaður er hluti af leiguverði sjóðsins og er reiknaður sem hlutfall af leigðum fermetrafjöldi. Áætlaðar orkutölur sjóðsins gefa þó til kynna að dregið hafi úr rafmagnsnotkun um 19,5% milli áranna 2017 og 2018 en notkun á heitu vatni hafi aukist um 1% og notkun á köldu vatni aukist um 11,3%.

c) Óbein orkunotkun eftir tegund

Óbein orkunotkun er orkunotkun sem er hægt að rekja beint til starfsemi sjóðsins en á sér stað hjá öðrum aðilum, til dæmis flug og aðrar samgöngur.

Á árinu 2018 voru farnir 20 (2017: 32) vinnutengdir flugleggir sem losuðu um 4,2 (2017: 9) tonn af gróðurhúsalofttegundum sem er minnkun frá fyrra ári. Til að kolefnisjafna flugferðirnar þarf að gróðursetja 37 tré (2017: 57). Birta hefur komið upp Birtuskógi í Haukadal þar sem starfsemi sjóðsins er kolefnisjöfnuð og voru gróðursett 500 tré þar á árinu 2018.

20. ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF - ÓENDURSKOÐAÐ, FRH.

d) Aðgerðir til að draga úr orkunotkun

Í starfsemi sjóðsins er lögð áhersla á orkusparnað og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Markvisst er unnið að því að gera starfsemi sjóðsins umhverfisvænni. Hægt er að sækja um flesta þjónustu sjóðsins rafrænt til að draga úr pappírs- og prentaranotkun. Einnig er búið að rafvæða lánaferli sjóðsins, bæði greiðslumat og undirritun gagna er rafræn. Pappírs- og prentunarkostnaður sjóðsins hefur lækkað um 24% milli ára og gætt er að því að pappír sem notaður er komi úr nytjaskógum.

Settar eru upp sparperur þegar perur eru endurnýjaðar en sparperur krefjast minni orku en glóperur. Sjóðurinn hóf að flokka sorp á árinu 2018 og er endurnýtanlegum úrgangi komið til endurvinnslu og spilliefnum fargað á viðeigandi hátt.

20.3 FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Birta lífeyrissjóður hefur sett sér mannauðsstefnu, sérstakar reglur gegn einelti á vinnustað, samskipta- og siðareglur og reglur um hæfi lykilstarfsmanna. Neðangreindum þáttum er ætlað að gera sjóðnum mögulegt að mæla árangur tengdan félagslegum þáttum og eru þeir tilgreindir í samræmi við mat stjórnar og stjórnenda á helstu áhættuþáttum sem tengjast félagslegum þáttum í starfseminni.

a) Starfsmannavelta

Starfsmannavelta er kostnaðarsöm en hún felur líka í sér ákveðin tækifæri til hagræðingar. Eins og svo oft á við þá er jafnvægið æskilegast, að endurnýjun sé hæfileg. Sex starfsmenn sjóðsins létu af störfum á árinu. Heildarstarfsmannavelta (e. total turnover) var 20%, þar af var raunstarfsmannavelta (e. voluntary turnover) 13%. Ástæður brotthvarfs starfsfólks voru mismunandi, hagrætt var í rekstri, starfsfólk lét af störfum sökum aldurs, hélt til frekara náms eða fór til annarra starfa.

b) Fæðingarorlof

Birta er fjölskylduvænn vinnustaður og leitast er eftir því að starfsmenn upplifi jafnvægi og geti samræmt starfsskyldur og fjölskylduábyrgð. Hugað er að jafnrétti kynjanna innan sjóðsins og eru feður hvattir til að taka fæðingarorlof ekki síður en mæður þegar svo ber undir. Á árinu 2018 fóru tveir starfsmenn í fæðingarorlof og var samanlagður tími fæðingarorlofsins á árinu 6,2 mánuðir.

c) Fyrirlestrar og fræðsla

Fyrirlestrar og fræðsluerindi af ýmsum toga eru haldin mjög reglulega fyrir starfsfólk sjóðsins. Annars vegar er um að ræða innanhússfræðslu þar sem starfsfólk upplýsir hvert annað og hins vegar utanaðkomandi fyrirlesara sem halda fyrirlestra hjá sjóðnum. Á árinu 2018 voru haldnir 15 fyrirlestrar þar sem öllu starfsfólki var boðið að taka þátt eða 1,25 á mánuði. Auk þess hefur starfsfólk sótt námskeið og einstaklingsbundna endurmenntun á árinu.

d) Verkefni er lúta að þekkingarþróun og símenntun

Sjóðurinn styður stöðugt við þekkingarþróun í lífeyrismálum. Nauðsynlegt er að uppfæra þekkingu starfsfólks samhliða breytingum og innleiðingu nýjunga. Starfsfólk sjóðsins býr yfir mikilli sérþekkingu og færni og stöðugt er leitað leiða til hagræðingar og framþróunar sem kallar á símenntun starfsfólks, ekki síst með tilkomu rafvæðingar sem snertir flest starfssvið sjóðsins.

e) Hlutfall starfsmanna sem undirgangast reglulegt frammistöðumat og eiga starfsþróunarsamtal

Allir starfsmenn sjóðsins eru boðaðir í starfsmannasamtal a.m.k. árlega. Þar er m.a. rætt um líðan í starfi, frammistöðu og starfsþróun almennt ásamt því að lagðar eru línur hvað varðar endurmenntun og þá fræðslu sem starfsmaðurinn þarf á að halda og hefur áhuga á að sækja á komandi ári.

20. ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF - ÓENDURSKOÐAÐ, FRH.

f) Samsetning stjórnenda og starfsmanna eftir kyni og aldri

Birta lífeyrissjóður býr yfir miklum mannauði og störfuðu 30 starfsmenn hjá sjóðnum á árinu 2018 í 28,4 stöðugildum. Konur voru í meirihluta í starfsmannahópi sjóðsins en þær voru 24 talsins og 6 karlar. Í stjórnendahópi sjóðsins sem telur sex starfsmenn eru fjórar konur og tveir karlar.

Meðalaldur starfsmanna sjóðsins á árinu 2018 var 50 ár og meðalstarfsaldur starfsmanna var 10,5 ár.

g) Jafnlaunavottun

